

JÓN ÁRNI JÓHANSSON

Draumabíllinn kom frá Þýskalandi

Bílar Ferðir

allt í MIÐJU BLAÐSINS



HEIMILI

Klassískir munir í svefnherbergið

Sérblað um hús og heimili

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



„ALLT SEM ÉG Á“ MEÐ IDOL STJÖRNU
2006 FÆST Á TÓNLIST.IS - AÐEINS 99 KR. -



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. apríl 2006 – 96. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000



Langt á milli líkra þjóða

Sendiherra Japans á Íslandi er afar forvitinn um áhuga Íslendinga á Japan og japanskri menningu.

VIÐTAL 30

Feðraveldið í útrás

„Í orðræðunni um útrás felst stæk þjóðernishygga,“ skrifar Sverrir Jakobsson og spyr: „Hvers vegna ætti ég að fagna þótt kapitalisti sem fjárfestir í stórmarkaði erlendis sé Íslenskur en ekki frá Bermuda eða Luxemburg?“

Í DAG 16

Nóg af hugmyndum

Þrándur Jensson er sérlegur videóbloggari sjónvarpsstöðvarinnar Sirkuss og ætlar að skemmta fólki daglega næsta mánuðinn.


FÓLK 62

Haukar Íslandsmeistarar

Haukastúlkur tryggðu sér í gærkvöldi Íslandsmeistaratitil kvenna í körfubolta með naumum sigri á Keflavík. Þær unnu einvígið þó 3-0 og eru vel að sigrinum komnar.

ÍÞRÓTTIR 58

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGT HLÝNANDI - Í dag verður yfirleitt hæg norðvestlæg eða breytileg átt. Skýjað og stöku el hér og hvar nyrðra, annars yfirleitt bjart veður. Hiti 0-5 stig syðra en vægt frost norðan til. Hlýnandi veður á morgun.

VEÐUR 4



SNORRI SNORRASON ER NÝ IDOL-STJARNAN ÍSLANDS Snorri Snorrason, 28 ára Reykvikingur, bar sigur úr þytum í Idol-Stjörnuleit Stöðvar 2 en lokakvöldið fór fram í Vetrargarðinum í Smáralind í gærkvöldi. Tæplega 116 þúsund atkvæði bárust og Snorri hlaut 55 prósent þeirra. „Ég elska ykkur öll,“ sagði Snorri þegar ljóst var að hann hafði verið kosinn ný Idol-Stjarna, sú þriðja í röðinni. Snorri fékk glæsileg sigurlaun, þar á meðal plötusamning frá Senu. Á myndinni óskar Ina Valgerður Pétursdóttir Snorra til hamingju.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEIÐUR

Varúðarráðstafanir víða um land vegna yfirvofandi fuglaflensu:

Margir aflífa endur og gæsir

FUGLAFLENSA Margir sem halda endur og gæsir í eldi heima við hyggjast láta aflífa þær vegna hættu á fuglaflensu. Fólk hefur haft samband við Húsdýragarðinn til að athuga hvort forráðamenn hans hafi áhuga á að taka fiðurfénaðinn þangað, að sögn Jóns Gíslasonar yfirhirdis. Bæði hefur verið hringt af Austurlandi og Suðurlandi í þeim erindagjörðum.

Hvað varðar varnir í Húsdýragarðinum sjálfum verður fasönunum sem haldnir hafa verið í útibúri komið undir þak, að sögn Tómasar Guðjónssonar forstöðu-



HÚSDÝRAGARÐURINN Fiðurfénaði í Húsdýragarðinum verður komið undir þak, samkvæmt fyrirskipun yfirdýralækni.

manns. Hæurnar eru þegar í húsi en komið verður upp útibúrum,

svipað og hjá fasönunum, fyrir þær. Endur og gæsir í garðinum verða girtar af þannig að þær komist ekki í snertingu við gesti. Er það gert í samráði við héraðsdýralækni.

Þá verða sóttvarnir í þágu starfsfólks og gesta eflidar. Komið verður fyrir sóthreinsimottum og hreinsun á göngustígum aukin.

Tómas segir töluvert hringt í Húsdýragarðinn vegna uggs fólks við fuglaflensuna til framtíðar lítið. Hann vill benda á vefsíðuna www.fuglaflensa.is vilji fólk afla sér fróðleiks.

-jss

Áfall fyrir Palestínustjórn:

ESB hættir fjárstuðningi

PALESTÍNA, AP Evrópusambandið skýrði frá því í gær að allur fjárstuðningur við palestínsku stjórnina falli niður, nú þegar Hamas-hreyfingin hefur tekið við völdum. Sömuleiðis sögðust stjórnvöld í Bandaríkjunum ætla að hætta eða fresta allri fjárhagslegri aðstoð við Palestínumenn.

Þetta er töluvert áfall fyrir Palestínustjórn, sem hefur viðurkennt að hún sé gjaldþrota. Um það bil þriðjungur Palestínumanna á afkomu sína undir launagreiðslum frá Palestínustjórn.

-gb

Afkoma félaga í Kauphöll:

Bankar hirða allan hagnað

VIÐSKIPTI Greiningardeildir Glitnis og Landsbankans spá því að afkoma stærstu félaga í Kauphöll Íslands verði um fimmtíu milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi 2006. Líkt og áður eru það fjármálafyrirtækin og fjárfestingarfélag sem munu hagnast mest, um 45-49 milljarða króna.

Glitnir spáir því að Straumur og KB banki hagnist um rúma fjórtán milljarða og Landsbankinn um 12,5 milljarða.

-eþa/sjá síðu 12

Kaupæði í nýrri mynd:

Heilt þorp til sölu á eBay

BANDARÍKIN, AP Bærinn Bridgeville í Norður-Kaliforníu er aftur til sölu á eBay.

Núverandi eigandi húsanna tólf, kaffihússins og pósthússins keypti bæinn á eBay fyrir tveimur árum síðan á 50 milljónir króna en nú vill hann fá minnst 130 milljónir fyrir þorpið.

„Þú getur mætt á svæðið og nefnt bæinn eftir sjálfum þér ef þú vilt og verið allt í einu bæjarstjóri, lögrelustjóri og bæjarráðgjafi,“ sagði eigandinn, fjármálaráðgjafinn Bill Krall.

-smk

STYSTA LEIÐIN Í BANKANN



NETBANKI GLITNIS Í SÍMANUM ÞÍNUM

Vantar þig fermingar-gjöf?

Sjá hugmyndir á bls. 22-23

Opið til 18 í dag

Kringlan
MEÐ ALLT A EINUM STÖÐ



SPURNING DAGSINS?

Guðlaugur, er þetta ekki bara tímasóun?

„Lengri helgar og lengra sumar gera lífið betra. Það er engin tímasóun.“

Guðlaugur Þór Þórðarson hefur lagt fram þingsályktunartillögu um að kanna hvort ástæða sé til að taka upp sumartíma á Íslandi.

Síminn og 365 miðlar gera tímamótasamkomulag:

Samið um dreifingu sjónvarpsefnis

FJÖLMIDLAR Síminn og 365 miðlar hafa gert með sér samning um dreifingu á sjónvarpsefni hérlendis þar sem kveðið er á um að báðir aðilar dreifi íslenskum sjónvarpsrásum Digital Íslands og Skjás eins. Fjárvíviðskiptavinir beggja aðgang að öllum íslenskum sjónvarpsrásum hvort sem þær eru sendar út á opnum eða lokuðum rásum.

Hluti samkomulagsins tekur gildi 15. apríl næstkomandi, en þá hefjast útsendingar á Skjá einum á UHF-hluta Digital Íslands, um leið og sjónvarpsstöðin Sirkus verður gerð aðgengileg á Breiðbandi Símans.

Aðrar opnar sjónvarpsrásir Digital Íslands og Skjás eins verða aðgengilegar á öllum kerfunum í síðasta lagi 15. júní næstkomandi. Tæknileg vandamál koma í veg fyrir að læstar sjónvarpsrásir verði aðgengilegar um öll kerfin á sama tíma og opnu rásirnar en stefnt er að því að þær útsendingar hefjist í síðasta lagi 15. september.

Fyrirtækin telja að sjónvarpsnotendur muni njóta góðs af þar sem sjónvarpsefni beggja muni ná til fleiri notenda en áður í gegnum aðeins eitt dreifikerfi.



FRÁ KYNNINGARFUNDI SÍMANS OG 365 MIÐLA Hermann Hermannsson, framkvæmdastjóri 365 miðla (t.v.), Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, og Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins.

Ákært í fjárvikamáli:

Viðhöfðu grófar blekkingar

FJÁRVÍK Tveir Nígeríumenn, búsettir á Spáni, voru ákærðir fyrir fjárvikastarfsemi hér á landi í gær. Þeir eru grunaðir um að hafa talið fórnarlömbum sínum trú um að þeir gætu fjölfaldað peningaseöla ef þeir kæmu í snertingu við ákveðið efni.

Mennirnir voru stöðvaðir á Keflavíkurflugvelli í mars, grunaðir um að hafa illa fengið fé undir höndum. Við leit fundust tæpar nfu milljónir króna í evrum og hafa þeir setið í gæsluvarðhaldi síðan. Mennirnir munu sitja í gæsluvarðhaldi þar til dómur fellur í málinu eftir þrjár vikur.



TF-LIF Þyrlur Landhelgisgæslunnar hafa þjónað Íslendingum dyggilega. Nú er leitað að þyrlum um allan heim til að leysa af björgunaryrslusveit Varnarliðsins og gerðar miklar kröfur til burðargetu, flugpols og flugdrægis.

Sveitarfélög á Norðurlandi:

Kjósa um sameiningu í dag

SVEITARSTJÓRNARMÁL Í dag fer fram atkvæðagreiðsla um sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggja-staðahrepps.

Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna hefur gefið út kynningarbæklinginn Sameining til sóknar. Í honum kemur fram að sveitarstjórnirnar telji að með sameiningu megi bæta þjónustu bæði við íbúa og atvinnulíf töluvert.

Íbúafjöldi sameinaðs sveitarfélags yrði 542. Verði sameiningartilagan samþykkt af meirihluta íbúa beggja sveitarfélaga verða sveitarfélögin í landinu 79 talsins.

PÝSKALAND

Rannsóknarnefnd stofnuð

Þýska þingið setti í gær á stofn nefnd sem ætlað er að rannsaka umdeildar ásakningar um að þýska leyniþjónustan hafi átt aðild að stríðinu í Irak með því að gefa bandaríska hernum leyniupplýsingar fyrir árs Bandaríkjamanna inn í Irak árið 2003.

Leita um allan heim að réttu þyrlunum

Þvaður að Bandaríkjamenn vilji ekki lána eða leigja Íslendingum þyrlur, segir forstjóri Landhelgisgæslunnar. Ráðherra tjáir sig ekki um málið. Til greina kemur að kaupa fáar stórar eða fleiri litlar þyrlur, allt eftir útbúnaði og stærð.

ÞYRLUR Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, segir það þvaður að Bandaríkjamenn vilji ekki leigja eða lána Íslendingum þyrlur og að stefnt sé að því að bjóða út lausnir til styttri og lengri tíma eins og Fréttablaðið hefur áreiðanlegar heimildir fyrir. Georg segir að ekki hafi verið eftir þessu leitað við Bandaríkjamenn og vísaði á Stefán Eiríksson, skrifstofustjóra dóms- og kirkju-málaráðuneytis, en hann leiðir starf Björns Bjarnasonar dóms-málaráðherra við að kanna hvernig best sé að efla þyrlubjörgunarsveitina. Stefán vildi ekkert tjá sig um málið og vísar á ráðherra, sem hefur ekki svarað fyrirspurnum Fréttablaðsins.

Þyrlumálin voru rædd í varnarviðræðunum fyrir um viku síðan

og þar kynntu Bandaríkjamenn hugmyndir um lausn á þeirri stöðu sem upp er komin í þyrlumálum. Þar var rætt um vísu milligöngu Bandaríkjamanna við að útvega þyrlur samkvæmt hugmyndum sem þeir kynntu á fundinum.

Georg segir að leitað sé að þyrlum um allan heim og að ekki hafi verið leitað til stjórnvalda frekar en sölufyrirtækja og leigufyrirtækja. „Þetta er ekki auðvelt því þyrlur liggja ekki á lausu. Það kemur vel til greina að leigja þyrlur því hafa verður í huga að kaup á nýrri þyrlu geta tekið þrjú ár.“

Aðspurður um hvers konar þyrlum verið sé að leita að og hvaða kröfur þær þurfi að uppfylla varðandi burðargetu, flugdrægi og flugpól svarar Georg að verið

sé að leita að þyrlum svo að ekki verði farið niður fyrir þau viðmið sem Íslendingar þekki í dag. „Við ætlum að gera sömu kröfur og við höfum haft með því að hafa langdrægar vélar eins og við þekkjum frá Keflavíkurflugvelli. Það er það sem við erum að keyra á.“ Hversu margar vélar verða fengnar til landsins segir Georg að sé erfitt að svara. „Það fer eftir því hvernig þær eru útbúnar og eftir stærð og tegund. Það geta verið tvær stórar þyrlur eða fimm til sex minni. Verið er að reyna að raða þessu saman en engin ákvörðun hefur verið tekin.“

Bráðabirgðaskýrsla Stefáns Eiríkssonar mun liggja fyrir eftir viku og verður þá kynnt dóms-málaráðherra.

svavar@frettabladid.is

Slys á Reykjanesbraut:

Ökumanni haldið sofandi

UMFERÐARSLYS Ökumaður jeppabifreiðar slasaðist alvarlega þegar hann velti bifreið sinni út af Reykjanesbraut á fjórða tímanum í gær.

Slysið varð við Grindavíkurafleggjarann nálægt Stapa og segir lögreglan í Keflavík að svo virðist sem ökumaðurinn hafi misst stjórn á jeppabifreið sinni með þessum afleiðingum.

Að sögn vakthafandi lækni á slysideild Landspítala - háskóla-sjúkrahúss er maðurinn með dreifð meiddli. Þau eru það alvarleg að honum haldið sofandi á gjörgæsludeild.



GEORGE W. BUSH Einungis 36 prósent telja Bandaríkjaforseta hafa staðið sig vel.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Könnun í Bandaríkjunum:

Vinsældir Bush aldrei minni

BANDARÍKIN, AP Vinsældir George W. Bush Bandaríkjaforseta og Repúblikanaflokks hans hafa náð nýrri lægð og eru nú minni en nokkurn tímann áður, samkvæmt nýrri skoðanakönnun AP-Ipsos. Eingöngu 36 prósent landsmanna telja forsetann hafa staðið sig vel í starfi, og þrjátíu prósent styðja flokkinn.

Íraksstríðið, leki innan leyniþjónustu Bandaríkjanna og ólöglegar símahleranir ríkisstjórnarinnar eru talin áhrifamest í þessum neikvæðu niðurstöðum. Þingkosningar verða haldnar þar í landi í haust.

- smk

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, á fundi á Akureyri:

Skattar á matvæli lækkaðir

STJÓRNARMÁL Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, vonast til að stjórnarflokkarnir nái samkomulagi um skattalækkanir á matvæli frá og með næstu áramótum. Þetta kom fram í máli utanríkisráðherra á flokksráðs-, formanna- og frambjóðendafundi Sjálfstæðisflokksins í gær. Fundurinn er haldinn í Brekkuskóla á Akureyri. Er þetta í fyrsta skipti sem hann er haldinn utan höfuðborgarsvæðisins.

„Við erum að vinna að þessu í nefndarstórum innan stjórnarflokka“, sagði Geir í samtali við Fréttablaðið. Á fundinum sagði Geir að skattar hefðu sannarlega lækkað hér á landi, þó að stjórnarandstaðan hefði haldið öðru fram.

Á þriðja hundrað manns sitja fundinn á Akureyri, þar á meðal ráðherrar og þingmenn flokksins

og flestir efstu menn á framboðslistum Sjálfstæðisflokksins í sveitarstjórnarkosningunum í vor.

„Við erum fyrst og fremst að stilla saman strengi vegna sveitarstjórnarkosninganna í vor“, sagði Geir en fundurinn að þessu sinni er helgaður málefnum eldri borgara og málefnum fjölskyldunnar.

Auk þess að ræða skattamál og málefni aldraðra fór Geir meðal annars yfir stöðuna í málefnum Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Að sögn Geirs er það almenn skoðun fundarins að áframhaldandi samstarf við Bandaríkin sé besti kosturinn í stöðunni hvað viðvíkur málefnum Varnarliðsins.

Áframhaldandi umræður verða í dag og lýkur fundinum í kvöld með stjórnarályktun þar sem efni fundarins verður reifað.

- sdg/kk



FUNDURINN SETTUR Í setningarræðunni hvatti Geir H. Haarde sjálfstæðismenn til að taka höndum saman og nýta vel tímann fram að sveitarstjórnarkosningunum í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

BÍLL DAGSINS

VOLKSWAGEN PASSAT 1.8T COMFORT LINE

Nýskr 07.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 36 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð áður: 2.250.000,-
Tilboð: 1.960.000,-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

Hæ, hvað segirðu? Já, takk sömuleiðis hvernig ertu búin að hafa það? Ég
 hef það bara mjög gott þakka þér fyrir. Hvað er annars að fréttu? Nei það
 er ekki mikið að fréttu af mér heldur. Það er auðvitað stutt síðan við töluðum
 saman síðast. Það er kannski korter síðan ég hringdi. Já hann er hægur
 núna. Það var sól í morgun. Ég hélt að það ætti að rigna. Já það er dálítið
 skýjað. Það var samt fínt veður í gær. Maður veit auðvitað aldrei með veðrið,
 það getur breyst einn tveir og þrír. Já já þú segir það já. Jæja! Ég ætlaði
 nú bara að heyra í þér hljóðið. Ég var að hugsa um að hringja í þig aftur á
 eftir. Það er ýmislegt sem við eigum eftir að ræða. Heyrðu ég hringi á eftir.
 Já bara eftir smástund. Ókei ekki málið. Segjum það. Já allt í lagi. Bless.

Nú kostar minna að vera málgláður

SKO er nýtt lággjalda GSM símafyrirtæki. Líkt og hjá lággjalda-flugfélögum þá fer öll þjónusta við viðskiptavinum fram á Netinu. Þannig getum við boðið þér lægra verð! Þú getur flutt GSM símanúmerið þitt með þér til SKO eða valið þér nýtt og flottara númer.

Skelltu þér á sko.is og byrjaðu að spara!

14,90 kr.
Mínútuverð

4,90 kr.
SMS verð

0,00 kr.
Mánaðargjald

SKO
Tala meira. Borga minna.

Reykjavíkurborg hefur stefnt olúfélögum fyrir verðsamráð:

Krefst 158 milljóna króna

DÓMSMÁL Reykjavíkurborg telur að tjón hennar vegna verðsamráðs olúfélaganna Essó, Skeljungs og Olís frá árinu 1996 til 2001 nemi 158 milljónum króna. Hún hefur stefnt olúfélögunum og krefst milljónanna auk dráttarvaxta vegnasamningaumseldsneytskaup fyrir strætisvagna SVR sem síðar varð Strætó bs. og Vélamiðstöð Reykjavíkur.

Tilvarakrefst Reykjavíkurborg að olúfélögin greiði þeim tæpar áttatíu milljónir króna, en setur einnig fram þrautakröfu og biður dómara að ákveða skaðabætur fari svo ólíklega að mati lögmanns borgarinnar að ekki verði fallist á

þau sönnunargögn sem hann leggi fram í málinu

Vitnað er í skýrslu Samkeppnis-eftirlitsins þar sem stendur að forsvarsmenn olúfélaganna hafi viðurkennt að þeir hafi ákveðið í sameiningu hver þeirra hlyti viðskiptin við Reykjavíkurborg árið 1996. Þeir hafi jafnframt samið um skiptingu hagnaðar af þeim viðskiptum. Borgin hafi samið við Skeljung og greitt hinum olúfélögunum rétt rúmlega níu milljónum hvoru af hagnaðinum fyrir árin 1996 og 1997.

Lögmaður reiknar út að hefðu olúfélögin ekki haft með sér verðsamráð hefði sami afsláttur á lista-



FRÁ KYNNINGARFUNDI Kristbjörg Stephen sen skrifstofustjóri, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/HULDA

verði átt að fást og fékkst í útboðinu 2001, þegar samráðinu hafði verið hætt. Upphæðirnar eru ákveðnar út frá þeim tölum. - gag

Raðmorðingi í Þýskalandi:

Myrðir erlenda verslunarmenn

ÞÝSKALAND, AP Búðareigandi í Dortmund í Þýskalandi er áttunda fórnarlamb raðmorðingja sem ræðst eingöngu að útlendingum sem reka litlar verslanir í Þýskalandi.

Búðareigandinn, sem var af tyrkneskum uppruna, fannst látinn fyrir utan búðina sína á þriðjudaginn og hafði verið skotinn nokkrum skotum í höfuðið. Rannsóknir sýna að sama byssan hafði verið notuð í morðum á sjö öðrum búðareigendum í Þýskalandi frá því árið 2000. Mennirnir, sem voru myrtir í Nürnberg, München, Hamborg og Rostock, voru allir af erlendum uppruna. - gb



INNGANGURINN Húsnæðið sem lögreglan gerði húsléit í fyrir fáeinum dögum.

Húsléit í Ármúla:

Handtekin með fíkniefni

LÖGREGLUMÁL Ung kona var handtekin í kjölfar húsléitar, sem lögreglan í Reykjavík gerði í húsnæði við Ármúla fyrir fáeinum dögum. Í fórum konunnar fundust fíkniefni og á hún yfir höfði sér kæru vegna fíkniefnabrots. Húsléitin var gerð vegna gruns lögreglu um að barna færi fram viðskipti með fíkniefni. Umrædd kona hafði umráð yfir húsnæðinu.

Spurður hvort fregnir fjölmiðla af vændi í húsnæðinu í Ármúla ættu við rök að styðjast sagði Hörður Jóhannesson aðstoðaryfir-lögregluþjónn að engin slík rannsókn væri í gangi hjá lögreglunni í Reykjavík. - jss

Samningur undirritaður:

Bætt heilsa barna á Íslandi

HEILBRIGÐISMÁL Fulltrúar Lýðheilsustöðvar og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafa undirritað samstarfssamning til ársins 2010 í þágu barna.

Ætlunin er að efla samskipti stofnananna tveggja en þess utan er markmið með samstarfinu að vinna að rannsóknar- og þróunarverkefnum til stuðnings heilsu barna á Íslandi. Meðal samstarfsverkefna eru gerð fræðsluefnis fyrir foreldra um næringu og tannvernd ungbarna og gerð forvarnarefnis fyrir grunnskólabörn og foreldra þeirra. - sdg

Umfjöllun Dana magnar verðbólgu

Framkvæmdastjóri SA segir að verðbólgan sé allt of há og „Danska árásin“ hafi ekki gert Seðlabankanum auðveldara fyrir. Hann bendir á að aldrei hafi verið hægt að lækka verðbólgu með því að hækka laun. Aðhald sé enn brýnna.

EFNAHAGSMÁL Hagdeild ASÍ telur að mikið ójafnvægi ríki í efnahagslífi á Íslandi, gengissveiflur séu miklar, viðskiptahalli í sögulegu hámarki, einkaneyslan mikil og fjárfestingar miklar. Launafólk líði fyrir mistök í hagstjórn sem byggir eingöngu á peningamála-stefnu Seðlabankans. Hún leiði til of hárra vaxta, of sterkrar krónu og mikillar verðbólgu.

Í vorskýrslu Hagdeildar ASÍ 2006 kemur fram að framvinda efnahagsmála ráðist af trúverðuleika hagstjórnarinnar á næstunni. Verðbólga verði líklega yfir verðbólgu markmiði Seðlabankans en hægi á vexti einkaneyslunnar. Aukin verðbólga, veiking krónu og skuldir heimilanna dragi úr kaupgetu almennings.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að verðbólguþá ASÍ sé ein af mörgum spám sem sýni allt of háa verðbólgu. „Spárnar eru ekki vitlausar en verðbólguþögnun er ekki ásættanlegar. Verðbólgan veldur tjóni hjá fyrirtækjum og heimilum,“ segir hann.

„Fjárhagslegar ákvarðanir fyrirtækja verða ómarkvissar, reksturinn óhagkvæmari og fyrirtækin ná ekki sama árangri og annars væri. Þegar verðbólgan vex með þessum hætti bitnar fjármagnstekjuskatturinn harðar



MÁLIN SKÝRD Fyrir skömmu héldu áhrifamenn í íslensku viðskiptalífi fund í Danmörku til að skýra sjónarmið Íslendinga. Frá vinstri: Bjarni Ármannsson, Hannes Smárason, Ágúst Guðmundsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og Þóroddur Friðjónsson.

á fólk og fyrirtækjum en annars væri. Síðan hækka lánin í takt við verðbólguna og það íþyngir. Verðbólgan gerir rekstur heimilanna miklu erfiðari,“ segir hann.

Vilhjálmur telur að brjótá þurfi upp verðbólguvæntingarnar. „Seðlabankinn hefur verið að gera sitt en „Danska árásin“ hefur gert baráttu Seðlabankans erfiðari vegna þess að erlendis er ekki sama trú á krónunni og áður. Það getur lagast. Síðan gerir þetta aðhald hjá hinu opinbera enn brýnna.“

Vilhjálmur telur að fjárlaga-gerð fyrir næsta ár skipti miklu máli og gefi til kynna áframhald-

andi aðhald á vegum hins opinbera. „Eins tel ég skipta máli hvernig haldið er á málum þessa mánuðina og árin þannig að ekki sé mikið um frávik frá því sem búíð er að ákveða og allra sist verið að gefa eftir í launamálum hjá opinberum starfsmönnum beint og óbeint,“ segir hann.

„Það er mjög mikilvægt að sveitarfélögin komi ekki með reikninginn fyrir innstæðulausum ávisunum til ríkisins heldur sé tekið úr þeirra rekstri,“ segir hann og telur ekki hægt að lækka verðbólgu með því að hækka laun. „Það hefur aldrei verið hægt.“

ghs@frettabladid.is



MINNA BROTTKAST Tæplega níutíu prósent sjómanna segja að undirmálsfiski hafi einkum verið kastað.

Rannsókn á brottkasti fisks:

Hefur minnk- að um helming

SJÁVARÚTVEGUR Verulega hefur dregið úr brottkasti fisks á Íslandsmiðum samkvæmt nýrri könnun sem Gallup hefur gert fyrir sjávarútvegsráðuneytið. Niðurstöðurnar benda til að brottkast hafi minnkað um helming.

Rúmlega tíu prósent sjómanna urðu varir við brottkast í síðustu veiðiferð sinni. Fyrir fimm árum var hlutfallið rúm tuttugu prósent og átján prósent í könnun fyrir tveimur árum. Samkvæmt útreikningum IMG Gallup er heildarbrottkast á fiski á sjó nú rúmlega 19.400 tonn á ársgrundvelli. - sdg

Misnotaði stúlkur:

Dæmdur í eins árs fangelsi

DÓMSMÁL Ólafur Eggert Ólafsson, 38 ára maður búsettur í Reykjavík, var í Hæstarétti dæmdur í eins árs fangelsi fyrir kynferðisbrot gagnvart þremur stúlkum.

Hæstiréttur mildaði dóm Héraðsdóms Reykjavíkur, sem hafði dæmt Ólaf Eggert í tveggja ára fangelsi. Ófugt við héraðsdóm sýknar Hæstiréttur Ólaf Eggert fyrir að hafa fengið stúlkurnar til að hafa samræði hvor við aðra. Þá dæmdi Hæstiréttur að hluti af brotum sem snertu nektarmyndir sem Ólafur Eggert tók af stúlkunum hefði verið fyrndur. - th

20 ára **Krummi skemmtir börnum**

8. apríl kl. 11-16

Ótrúleg afmælistilboð

Barnasmíðjan

Gylfaglöt 7 • Grafarvogi

www.barnasmidjan.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ER AÐ HLÝNA Jæja, þá hillir undir þolanleg hlýindi. Það hlýnar nokkuð á morgun og enn frekar á mánudag en eins og spárnar líta út núna kólnar aðeins eftir það en þó frostlaust.

FÓLK VERÐUR AÐ GÆTA SÍN Hitti forystumann í skógræktarmálum. Hann óttast nú mest sinuelda en ekki kuldakastið sem verið hefur. Fólk verður að gæta sín með eldinn.

HÖFUÐBORGIN Í DAG Hæg norðvestlæg átt með björtu veðri. Hiti 0-3 stíg.

á morgun


Fremur hæg suðvestanátt.

mánudagur

Vaxandi suðaustanátt.

Kaupmannahöfn	7°C skýjað	Paris	15°C skýjað	Torrevieja	24°C heiðskirt
Osló	2°C skýjað	Berlin	13°C léttskýjað	Milano	15°C léttskýjað
Stokkhólmur	9°C léttskýjað	Frankfurt	13°C léttskýjað	New York	8°C skýjað/skúr
Helsinki	1°C skýjað	Madrid	20°C heiðskirt	San Francisco	16°C skýjað/skúr
London	11°C léttskýjað	Barcelona	18°C léttskýjað	Orlando/Florida	31°C léttskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Við erum ört stækkandi
og vaxandi.
Og nú erum við orðin
þriggja ára.



Þess vegna langar okkur að bjóða þér

í afmælisveisluna okkar, sem stendur alla helgina.

Óvæntur glaðningur og blöðrur fyrir smáfólkið.

Hlökkum til að taka vel á móti þér!


Starfsfólk NEXT í afmælisskapi



NEXT

KRINGLUNNI

551 3200





KJÖRKASSINN

Ætlarðu að borða páskaegg um páskana?

Já	58%
Nei	42%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á nýja Idol-stjarnan eftir að verða vinsæll söngvari?

Segðu skoðun þína á visir.is



Lögreglan hættir rannsókn á meintum leka á tölvupósti Jónínu:

Telur fjarskiptalög ekki brotin

LÖGREGLA Lögreglan hefur hætt rannsókn á því hvernig tölvupóstur Jónínu Benediktsdóttur komst á kreik. Lögmaður Jónínu, Hróbjartur Jónatansson, segir að ákvörðun lögreglunnar verði kærð til ríkissaksóknara.

„Við teljum að rökin sem lögreglan notar til að hætta við rannsóknina séu ófullnægjandi. Við teljum að tilefni sé til að rannsaka málið frekar en lögreglan hefur gert,“ segir Hróbjartur.

Guðjón Magnússon, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, segir að rannsóknin hafi beinst að hugsanlegu broti á fjarskiptalögum, hvort starfsmenn netþjóna



JÓNÍNA OG HRÓBJARTUR Í HÉRAÐSDÓMI Kröfum Jónínu á 365 prentmiðla og Kára Jónasson var ýmist vísað frá Héraðsdómi eða sýnað við dómsupplýsingum í desember. Málið er fyrir Hæstarétti.

hafi gerst brotlegir. „Farið var eftir einni vísbendingu sem var gefin upp. Hún leiddi ekki til þess að hægt væri að grípa til aðgerða.“

Guðjón segir að því hafi rannsókninni verið hætt. Einnig hafi lögreglan hætt rannsókn á birtingu tölvupóstsins á netinu: „Birtar voru myndir af póstinum á netinu og fjarskiptalög því ekki brotin. Þau eiga að vernda það að póstsendingar, eins og netpóstur, lendi ekki í röngum höndum.“

Hróbjartur bendir á að þetta mál sé óskyrt þeim málaferlum sem Jónína eigi í við Fréttablaðið og ritstjórnann Kára Jónasson, þar sem sett var fram lögbannskrafa á birtingu tölvupóstsins og að Kári greiði henni miskabætur.

Réttað verður í því máli 19. maí í Hæstarétti.

- gag

Mið-Austurlönd:

Vörur Arla upp í hillur á ný

MÚHAMEDSTEIKNINGAR, AP Vörur danska mjólkurvörufyrirtækisins Arla eru aftur komnar í hillur matvöruverslana í fjölmörgum verslunum í Mið-Austurlöndum, eftir að íslömsk samtök æsktu þess, en hætt hafði verið að selja vörurnar í uppötunum sem Múhamedsteikningar Jótlandspóstsins ullu fyrr á þessu ári.

Samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins eru vörur þess nú seldar í 3.000 verslunum og stórmörkuðum í Mið-Austurlöndum.

Á laugardag ætla 31 stærstu viðskiptavinir Arla í Sádi-Arabíu að hefja sölu varanna á ný.

- smk

HolyCamp Ægir

-sívinsæli tjaldvagninn

HolyCamp Ægir **GLITNIR**

Verð 526.800.-

Útborgun 105.380.-

Mánaðargreiðsla 6.543.-

*miðast við 84 mán.

SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is Eyjarslóð 5, sími 511 2200



KOSNINGABARÁTTA Mikill hiti er í Perúmönnum vegna kosninganna sem fram fara á sunnudag. Hér heilsar fyrrverandi forseti landsins, Alan Garcia, stuðningsmönnum, en hann hefur háð harða baráttu á móti tveimur öðrum sigurstranglegum frambjóðendum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrrum herforingi líklegur forseti Perú

Forsetakosningar fara fram í Perú á sunnudag. Baráttan er hörð milli þriggja frambjóðenda, sem hver um sig stendur fyrir mismunandi stétt landsmanna.

PERÚ, AP Fyrrum herforinginn Ollanta Humala lauk kosningabaráttu sinni með eldheirri ræðu á fimmtudagskvöldið og lofaði að enda „fasistæinræði hinna ríku“ sem hann sagði hafa rænt Perú öllu lýðræði, verði hann kjörinn næsti forseti landsins í kosningunum sem fram fara á morgun, sunnudag. Fjölpjódafyrirtækjum sem hagnast af námugreftri í Perú yrði gert að greiða hærri skatta og gjöld, að sögn Humala, sem lýsir sjálfum sér sem þjóðernissinna.

Humala, sem hefur verið borinn saman við Hugo Chaves forseta Venesúela, þykir einna líklegastur til sigurs, en helstu mótframbjóðendur hans eru tveir: fyrrverandi forseti landsins, Alan Garcia, og fyrrum þingkonan Lourdes Flores.

Garcia var forseti landsins á árunum 1985 til 1990, en stjórn hans var talin afar spilt og leiddi til ódaverðbólgu. Hann er afar hæfileikaríkur ræðumaður og hefur í kosningabaráttunni einbeitt sér að því að lofa atvinnusköpun og auðgun landbúnaðar, en



OLLANTA HUMALA **LOURDES FLORES**

lítið kynt undir óánægju landsmanna.

Flores hefur hins vegar ekki hikað við að benda á galla í kosningaloforðum mótframbjóðendanna og á fimmtudag varaði hún kjósendur við því að „leyfa spuna og lýðskrumi að koma aftur og stjórna örlögum okkar. Kjósum alvöru. Kjósum þroska,“ sagði hún í lokaræðunni á síðasta kosningafundi fyrir kosningar, en Flores er fylgjandi kaupsýslu og hefur beitt sér mjög gegn Humala í kosningabaráttunni.

„Þjóðernisstefna er sá kraftur sem segir fjölpjódafyrirtækjum sem ekki vilja greiða gjöld og

skatta að við ætlum að endurmeta samninga þeirra,“ sagði Humala á fimmtudag. Chaves hefur undanfarið verið að endurmeta samninga fjölpjódafyrirtækja við Venesúela og Evo Morales, nýsettur forseti Bólivíu, hefur lofað að gera hið sama í sínu landi. Þessi stefna Humala, auk andúðar hans á hefðbundnum valdaklíkum landsins, sem aðallega eru byggðar upp af afkomendum evrópskra innflytjenda, hefur veitt honum mikið fylgi meðal fátækustu íbúa Perú sem flestir eru af frumbyggjaættum.

Humala hefur hingað til talist sigurstranglegasti frambjóðandinn, en úrslit nýrrar skoðanakönnunar sem birt voru á fimmtudag, sýndu að hann hafði fallið um sex prósent, niður í 26 prósent, á meðan Flores hlaut 28 prósent fylgi og Garcia 25 prósent.

Nái enginn frambjóðendanna 50 prósentum atkvæðanna, verður koskið milli tveggja efstu frambjóðendanna í úrslitaumferð kosninganna í maí.

smk@frettabladid.is



norden

Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2006

Norðurlandaráð veitir í ár náttúru- og umhverfisverðlaun í tólfta sinn. Verðlaunin nema 350.000 dönskum krónum og eru veitt fyrirtæki, stofnun, samtökum eða einstaklingi sem sýnt hefur sérstakt frumkvæði á sviði náttúru- og umhverfisverndar.

Verðlaunin í ár skulu veitt samtökum eða einstaklingi sem hefur vakið athygli á loftslagsbreytingum með því t.d. að þróa aðferð til að sýna fram á þær, verið í fararbroddi í opinberri umræðu, fundið góðar lausnir til að draga úr losun efna sem skaða loftslagið, eða stuðlað að viðbúnaði við miklum loftslagsbreytingum.

Öllum er heimilt að tilnefna verðlaunahafa. Rökstyðja ber tilnefninguna og lýsa því í hverju framlagið felst og hver hafi staðið eða stendur fyrir því. Starfið verður að hafa faglegt gildi og þýðingu í víðara samhengi í einu eða fleiri ríkjum Norðurlanda. Tilnefningin skal rúmast á mest tveimur blaðsíðum í A4-stærð.

Verðlaunahafi er valinn af dómnefnd sem skipuð er fulltrúum Norðurlandanna fimm og sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Tilnefningin skal send á sérstöku eyðublaði sem þarf að berast Danmerkurdeild Norðurlandaráðs í síðasta lagi **föstudaginn 28. apríl kl. 12.00**. Eyðublaðið má nálgast á heimasíðu ráðsins, www.norden.org, eða á skrifstofu dönsku landsdeildarinnar:

Nordisk Råd

Den Danske Delegation
Christiansborg
DK-1240 København K

Sími +45 3337 5958
Fax +45 3337 5964
Netfang: nrpost@ft.dk

Málamiðlun um umdeild innflytjendalög dregst á langinn á Bandaríkjaþingi:

Brottvísun allra yrði dýrkeypt

WASHINGTON, AP Ef bandarísk stjórnvöld tækju þá ákvörðun að vísa úr landi öllum ólöglegum innflytjendum myndi það kosta bæði ríkissjóðinn óhemju fé og embættismenn ríkisins gríðarlega fyrirhöfn.

Ekki er reiknað með því að Bandaríkjaþing nái málamiðlun um ný innflytjendalög fyrr en eftir páska. Lögunum er ætlað að taka á málefnum ólöglegra innflytjenda í Bandaríkjunum en ágreiningur hefur verið meðal þingmanna um hve langt skuli ganga.

Málamiðlunartillaga repúblikana, sem veitir þeim sem dvalist hafa ólöglega árum saman í

Bandaríkjunum fá tækifæri til að gerast löglegir innflytjendur, náði ekki fram að ganga á þinginu í gær.

Sú tillaga sem gengur lengst gerir ráð fyrir því að allir ólöglegir innflytjendur í Bandaríkjunum verði fluttir úr landi. Talið er að fjöldi þeirra sé um tólf milljónir, sem þýðir að það yrði gríðarstór framkvæmd að framfylgja þeim lögum.

Innflytjendur og stuðningsmenn þeirra í Bandaríkjunum hafa á undanförmum vikum efnt til fjölmargra mótmælafunda og hafa sumir þeirra verið meðal þeirra fjölmennustu í sögu Bandaríkjanna á síðari tímum.

- gb



Á BLAÐAMANNAFUNDI Leiðtogar demókrata og repúblikana á Bandaríkjaþingi voru fyrr í vikunni bjartsýnir á að málamiðlunartillaga repúblikana næði fram að ganga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ótrúlegt verð á tölvum á vaxtalausum greiðslum eingöngu fánlegt í Smáralind

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

SCALEO T Athlon64 3800+

Miditower (ATX í fullri stærð)
VIA K8T800
AMD Athlon™ 64 3800+
Front side bus 1600MHz, cache L1 128KB/L2 512KB
1GB DDR minni
250GB 7200sn. 8MB diskur S-ATA
ATI RADEON X700SE 256MB VIVO og DVI
DVD ± R/RW dual layer
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
10/100 netkort, þráðlaust netspjald 54 Mbps
1x PCI-Xpress, 3x PCI,
6x USB 2.0 (2 að framan), firewire
Parallel, serial, PS/2
6 rása hljóðstýring, line in/out, mic, SP/DIF
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lykilorð og mús
Windows XP Home SP2
Microsoft Works 8.0
Norton Internet Security, Nero Express 6, WinDVD
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum



Vaxtalaust
tilboð!
aðeins
9.499 kr
á mán. í 12 mánuði
Verð 113.988,-

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

SCALEO P Cel 3.06 Ghz

Intel® Celeron® 3.06Ghz
Front Side Bus 533 MHz, 256 KB
512MB DDR minni (2x 256MB)
200GB 7200sn. diskur
ATI RADEON X600SE 256MB TV-Out
DVD ± R/RW dual layer skrifari
DVD-ROM, tvö aðskilin drif
MediaBay kortalesari
10/100 netkort
AGP, 3x PCI, 2 minnisraufar (1 laus)
6x USB 2.0 (2 að framan), firewire
6 rása hljóðstýring, line in/out, mic, SP/DIF
Nettir hátalarar
Þráðlaust íslenskt lykilorð og mús
Windows XP Home SP2
Microsoft Works 8
Norton Internet Security (3 mánaða)
Nero Express 6
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum



Vaxtalaust
tilboð!
aðeins
6.999 kr
á mán. í 12 mánuði
Verð 83.988,-

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

AMILO M 1437G 1.87Ghz

Intel® Centrino™ mobile tækni
Intel® Pentium® M 750 1.87 GHz (Dothan)
Front side bus 533 MHz, 2MB
1GB DDR2 minni
80GB S.M.A.R.T. drif
15.4" breiðtjaldsskjár CrystalView
ATI Radeon X700 128MB PCI express
DVD ± R/RW dual layer skrifari
10/100 ethernet og V.90 móttald
Multimedia fjarstýring
DVI, TV-OUT, kortalesari SD/MS/MS Pro/MMC
i.LINK® (IEEE 1394), 3x USB 2.0, hljóð inn/út
2 minnisraufar
Víðóma hátalarar og innbyggður bassahátalari
Snertimús og flýtihnappar, stafrænn hljóðútgangur
360 x 269 x 37mm, 3.0 kg
Lithium ion rafhlaða, allt að 2.0 klst
Intel® PRO/Wireless 2200 BG 54Mbps
Windows XP Home SP2
MS Works 8.0
Symantec Security Suite (90 daga)
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum



Vaxtalaust
tilboð!
aðeins
12.499 kr
á mán. í 12 mánuði
Verð 149.988,-



Vaxtalaust
tilboð!
aðeins
8.999 kr
á mán. í 12 mánuði
Verð 107.988,-

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

Amilo Pro V2035 Cel 1.6

Intel Celeron M380 1.6GHz
512MB DDR2 minni (2x 256MB Mest 2GB)
60GB S-ATA diskur
15.4" WXGA (1280 x 800) widescreen
VIA UniChrome pro VN800 skjástýring
DVD±RW skrifari
10/100/1000 LAN og V.92 móttald
54Mbps þráðlaust netstýring
4x USB 2.0, hljóð inn/út
Realtek hljóðstýring og víðóma hátalarar
332 x 273 x 37 mm, 2.8 kg
Rafhlöðuending 2 klst
Windows XP Professional
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

17" TFT S17-2 SilverLine

17" skjáflötur
1280 x 1024 upplausn
Birta 270 cd/m2
Skerpa 500:1
8ms viðbragðstími
16.2 milljón litir
Hæðarstillanlegur
VGA og DVI tengi
Innbyggðir hátalarar

Einnig til 19" TFT S19-2
SilverLine

34.700 kr



Epson Stylus Photo R320

Upplausn: 5760x1440 dpi
Hraði svart: 15 bls á mín
Hraði litur: 15 bls á mín
Ljósmynd: 39 sek.
6 stök blekhylki til að lágmarka óparfa eyðslu
Tengi: USB 2.0 (virkar einnig með USB 1.1)
Direct Print og "PrintBridge" - USB tengi
Innbyggður LCD skjár.
Prentar jaðarlaust á A4
Media Bay fyrir: CompactFlash® (I & II),
- SD Memory Card, MultiMediaCard,
- MagicGate Memory Stick, Memory Stick®,
- Memory Stick PROTM, IBM MicrodriveTM
EPSON Micro PiezoTM
EPSON Ultra Micro Dot™ 3 pl droplets
Prentar beint á þar til gerða geisladiska
Möguleikar:
Bluetooth® adapter

22.900 kr



Epson Stylus Photo R220

Upplausn: 5760 x 1440 dpi
Hraði: 15 bls á mín svart/lit
Ljósmynd 36 sek
6 stök hylki lágmarka blekkostnað
USB 2.0 tengdur (2 tengi)
Direct Print og PrintBridge
Prentar jaðarlaust á A4
Prentar beint á geisladiska
Epson Print Image Matching™ III
EPSON Micro Piezo™

9.900 kr



*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir á meðan birgðir endast með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ

- 1 Fyrrum forseti Líberíu er sakaður um stríðsglæpi. Hvað heitir hann?
- 2 Hvað heitir flokkabandalag Silvio Berlusconi á íslensku?
- 3 Hverrar tegundar eru þoturnar tvær sem FL Group festi kaup á vikunni?

SVÖR Á BLS. 50

Lögmenn Jóns Ólafssonar í Englandi óska eftir lengri fresti til að afla gagna:

Óska eftir fresti til 27. apríl

DÓMSMÁL Lögfræðingar Jóns Ólafssonar í Englandi hafa óskað eftir fresti til 27. apríl til þess að yfirfara gögn í máli Jóns Ólafssonar gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni, prófessor, en Hannes hefur óskað eftir því að málið verði endurupptekið í Englandi.

Hannes var dæmdur í enskum dómstóli til þess að greiða Jóni tólf milljónir króna vegna meiðandi skrifa á heimasíðu sinni um Jón.

Meðferð málsins í íslenskum dómstóli var frestað til 21. apríl en Hannes hefur óskað eftir því að málið verði endurupptekið í Englandi.



HANNES HÓLMSTEINN

JÓN ÓLAFSSON

Ef lögmenn Jóns fá þann frest sem þeir hafa óskað eftir má búast við því að meðferð málsins verði frestað enn frekar hér á landi, þar sem frestun málsins var meðal annars veitt með því skilyrði að

tími gæfist til þess að fá niðurstöðu í málið fyrir enskum dómstólum. „Forsendur fyrir því að málinu var frestað hér á landi voru þær, að rétt væri að fresta málinu þar til fengin væri niðurstaða í umsókn um endurupptöku málsins í Englandi. Því getur það farið svo að málinu verði frestað þangað til niðurstaða um endurupptökuna liggur fyrir,“ segir Heimir Örn Herbertsson, lögmaður Hannesar.

Jón Ólafsson sagði lögmenn sína í Englandi vera að vinna að málinu. „Eg fylgist ekki náið með vinnu þeirra en veit að þeir hafa óskað eftir fresti til þess að yfirfara gögn.“

- mh

Nýr skólameistari á Ísafirði:

Ingibjörg tekur við af Ólínu

MENNTAMÁL Menntamálaráðherra hefur ákveðið að fela Ingibjörgu S. Guðmundsdóttur, skólameistara Kvennaskólans í Reykjavík, að gegna embætti skólameistara við Menntaskólann á Ísafirði tímabundið frá 1. ágúst 2006 til 31. júlí 2007.

Ingibjörgu hefur verið veitt launalaust leyfi frá embætti skólameistara Kvennaskólans umræddan tíma. Ingibjörg tekur við af Ólínu Þorvarðardóttur, sem lætur af störfum 31. júlí næstkomandi. Í fjarveru Ingibjargar hefur Oddnýja Hafberg aðstoðarskólameistara verið falið að gegna embætti skólameistara Kvennaskólans - s dg

Eldri sjúklingum á Voggi fjölgar töluvert


SÁÁ kynnir úttekt á ástandinu í vímuefnamálum á síðasta ári. Þórarinn Tyrfingsson segir að dagdrykkja sé orðið stórt vandamál. Hann gagnrýnir heilbrigðisráðherra fyrir að endurnýja ekki þjónustusamning sem rann út um áramótin.

SAMFÉLAGSMÁL „Það er eins gott að unglíngarnir hegða sér vel svo pláss sé fyrir þá eldri,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, framkvæmdastjóri meðferðarsviðs SÁÁ. Úttekt samtakanna sem kynnt var í gær sýnir að dagdrykkja landsmanna hafi aukist með þeim afleiðingum að sjúklingum fimmtíu ára og eldri fjölgi.

„Menn hafa verið að segja að þessi dagdrykkja sé svo kúltiveruð og meinlaus en við sjáum að svo er alls ekki,“ heldur hann áfram. „Jákvæðu fréttirnar eru hins vegar þær að nýjum sjúklingum 24 ára og yngri fækkar og tel ég það til marks um það að meðferðar- og forvarnarskipti meðal þeirra yngri sé að skila sér.“ Á heildina litið hefur þó sjúklingum sem koma í fyrsta sinn fjölgað lítillega á árunum 2004 til 2005.

Einnig kemur fram í úttektinni að nærri því einn af hverjum tíu íslenskum karlmanna eldri en fimmtán ára hafi innritast á Voggi en af öllum núlifandi

ALDURSDREIFING EINSTAKLINGA Á SJÚKRAHÚSINU VOGGI ÁRÍÐ 2001-2005



Íslendingum 15 ára og eldri er þetta hlutfall rúm sjö prósent. Hlutfall kvenna í þessum aldurshópi er tæp fjögur prósent.

Þórarinn gagnrýnir heilbrigðisráðherra fyrir að hafa ekki svarað kalli forsvarsmanna SÁÁ um

viðræður um nýjan þjónustusamning en sá síðasti rann út um síðustu áramót. Hann segir að fjársterk fyrirtæki hafi fengist til að styrkja starfsemi SÁÁ en illa gangi að koma stjórnvöldum í skilning um vandann.

- jse

Við eigum 10 ára afmæli

20% afsláttur

laugardag opið 10-17

sunnudag opið 13-17

REDGREEN

Laugavegi 1 – sími 561 7760

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir** VEF.TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á visir.is



5% Sýrður léttur

Hann er svo léttur að það má ekki einu sinni kalla hann rjóma.

Frábær með heitum réttum, í salöt og ídýfur. Sýrður léttur er notaður eins og sýrður rjómi.

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI



NÝJUNG!
aðeins 5%



HVITA HÖRÐ / SÍA



HEIMILISLAUS Helena Arvidson og Jóna Guðný Magnúsdóttir með litla hvutta, sem fannst við Kaldárselsveg.

Hvolpur finnst á vergangi í nágrenni Hafnarfjarðar:

Skilinn eftir aleinn utan alfaraleiðar

DÝRAHALD „Hann sat bara aleinn við veginn, þegar ég kom auga á hann,“ segir Helena Arvidson, starfsmaður hjá Íshestum í Hafnarfirði, sem fann lítinn hvolp á víðavangi í gærmorgun. Hún var í reiðtúr með hóp af fólki þegar hún kom auga á hvolpinn, þar sem hann var í svokallaðri Áningu við veginn sem liggur upp í Kaldársel.

Þar sem Helena hafði ekki tók á að taka hvutta með sér hringdi hún í samstarfsmann sinn sem fór og sótti hann. Svo vill til að stutt er síðan sá starfsmaður, Jóna Guðný Magnúsdóttir, fann lítinn hvolp sem skilinn hafði verið eftir fjarri alfaraleið.

Jóna skaut yfir hann skjólshúsi þar til hann fékk gott heimili.

Helena segir að hvolpurinn sem fannst í gær hefði verið svangur og mjög þyrstur. Hann var án hálsólar, að hennar sögn, og hún gat ekki séð að hann væri merktur.

„Ég skil ekki hvernig fólk getur fengið af sér að skilja svona lítið dýr eftir algerlega hjálparlaust, ef svo reynist vera í þessu tilviki,“ segir Helena, sem kveðst ekki hafa séð neinar mannaferðir í nágrenninu þar sem hvolpurinn fannst. Hún segir það vera næsta skref að auglýsa hvutta betur en reyna síðan að finna honum gott heimili ef enginn vill kannast við hann.

- jss



Ertu með?

Öflugur hópur einstaklinga með háleit markmið og þjónustulund skapar trúverðuga liðsheild. Við ætlum að vera með í því að gera Reykjavík að fyrsta flokks borg. Innan okkar raða er fólk með ákaflega ólíka lífsreynslu. En þegar allt er lagt saman og allir eru með þá er það einmitt þessi ólíka reynsla sem vegur hvað þyngst. **Ertu með?**

Við erum tilbúin að vinna fyrir þig og þína næstu fjögur árin. Við bjóðum okkur fram í það mikilvæga þjónustuhlutverk að vera borgarfulltrúar fyrir alla borgarbúa. **Ertu með?**

Stjórnsmál þurfa ekki að vera leiðinleg. Það er skemmtilegt að hafa áhrif á og móta umhverfi okkar. Við viljum láta gott af okkur leiða. **Ertu með?**

Margir stjórnsmálamenn vilja ástunda samræðustjórnsmál. Við erum hins vegar athafnastjórnsmálamenn. Við höfum lausnir. Við framkvæmum. **Ertu með?**



**Kosningaskrifstofa B-listans
í Reykjavík**

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Sími: 599-3900
Netfang: reykjavik@xb.is

exbé



STOLTENBERG Í MADRÍÐ Spænski forsætisráðherra Jose Luis Rodríguez Zapatero heilsar norskum starfsbróður sínum Jens Stoltenberg á tröppum Moncloa-hallar í Madrid í gær. Stoltenberg er í opinberri heimsókn á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Minnihlutastjórn íhaldsmanna í Póllandi vill nýjar kosningar:

Þingið hafnar þingrofstillögu

VARSIÁ, AP Pólska þjóðþingið hafnaði á fimmtudag tillögu sem minnihlutastjórn íhaldsmanna bar fram um að rjúfa þing og boða til kosninga á ný.

Aðeins hálf ár er frá síðustu kosningum en forystumenn stjórnarflokksins, Laga og réttlætis, hafa allt frá því þeir mynduðu minnihlutastjórnina í vetur litið á nýjar kosningar sem fýsilegan valkost, þar sem skoðanakannanir hafa bent til aukinna vinsælda flokksins meðal kjósenda. 206 þingmenn af 460 studdu tillöguna en 236 höfnuðu henni.

Leiðtogi Laga og réttlætis, Jaroslaw Kaczynski, sagðist vilja

hefja viðræður um myndun samsteypstjórnar sem fyrst. Hann lét þó ekkert uppi að svo stöddu um hvaða flokk hann vildi fá til stjórnarsamstarfs: hægrijaðarflokkinn Sjálfsvörn eða frjálslynda miðflokkinn Borgaravettvang. Báðir flokkar greiddu atkvæði gegn þingrofi.

Fyrir atkvæðagreiðsluna bauð Donald Tusk, leiðtogi Borgaravettvangs, óformlega samvinnu við minnihlutastjórnina um að koma mikilvægum stjórnarfrumvörpum í gegnum þingið, í því skyni að forða því að Sjálfsvörn kæmist í stjórn, sem Tusk óttast að myndi skaða ímynd Póllands.

- aa



ATKVÆÐI GREIDD Jaroslaw Kaczynski, hvíthærður fyrir miðju, og aðrir þingmenn Laga og réttlætis greiða atkvæði um þingrofstillöguna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hraðamælingar lögreglu: Hraðakstur á stofnbrautum

LÖGREGLA Ökuhraði á stofnbrautum í Reykjavík er allt of mikill að mati lögreglunnar í Reykjavík, sem var með hraðamælingar á miðvikudag.

Alls sextán ökumenn voru kærðir fyrir hraðakstur á hinum ýmsu stofnbrautum og voru þrettán þeirra á yfir 100 kílómetra hraða, sem telst vítaverður akstur að mati lögreglunnar.

Sá sem hraðast ók var stöðvaður á Bústaðavegi, þar sem er 60 kílómetra hámarkshraði, og mældist hann á 134 kílómetra hraða.

Lögreglan mun halda hraðamælingum áfram á stofnbrautum og í íbúðarhverfum.

- sdg

Sendiráð Bandaríkjanna:

Tvö hundruð bækur gefnar

BÓKAGJÖF Sendiráð Bandaríkjanna hefur ákveðið að styrkja Landsbókasafn-Háskólabókasafn með



CAROL VAN VOORST

veglegri bóka-gjöf á sviði alþjóða-, varnar- og öryggismála. Búið er að afhenda fyrstu 200 bækurnar en frekari bóka-gjafir munu berast á hverju hausti og verða það nýttgefna bækur um málaflökkinn. Þetta var ákveðið fyrir milli-göngu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og er gjöfinni sérstaklega ætlað að styðja við nýtt meistaranám í alþjóðasamskiptum.

- shá

Ítalska lögreglan:

Hryðjuverkum afstýrt á Ítalíu

ÍTALÍA, AP Ítalska ríkisstjórnin hefur upplýst að lögreglu hafi tekist að koma í veg fyrir hryðjuverkaárásir á dómkirkjuna í Bologna og neðanjarðarlestarstöðvar í Mílanó.

Innanríkisráðherra Giuseppe Pisanu sagði að sjö manns væru grunaðir um að hafa ætlað að fremja hryðjuverkin. Af þeim hafa þrír verið reknir úr landi, tveir voru handteknir, einn er undir eftirliti og hins sjöunda er enn leitað. Ráðherra gaf hvorki upp hvenær lögreglan kom í veg fyrir þessi áform né hvenær gera átti árásirnar. Kosningar verða haldnar á Ítalíu á sunnudag og mánudag.

- smk

Kraftaverk ef ekki verða slys á fólki

Skortur á hjúkrunarfræðingum á Landspítalanum ógnar öryggi sjúklinganna. Nær 100 hjúkrunarfræðinga vantar. Manneklan veldur gífurlegu álagi á starfsfólk, lýsir sér í tíðum veikindum, kvíða, vonleysi og miklu brottfalli.

HEILBRIGÐISMÁL „Við svona aðstæður starfsfólks eins og lýst hefur verið á Landspítala - háskóla-sjúkrahúsi er kraftaverk ef ekki verður óhapp eða slys,“ segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Á almennum fundi sem haldinn var á vegum hjúkrunarráðs spítalans kom fram að nú vantar nær 100 hjúkrunarfræðinga á LSH. Afleiðingar þessa mikla skorts á hjúkrunarfræðingum var sagt koma fram í gífurlegu álagi á þá, tíðum veikindum, kvíða, vonleysi og miklu brottfalli. Þá var tiltekið að mistök ættu sér stað vegna álags og sjúklingar sem væru tilbúnir til að fara úr öndunarvélum væru svæfðir lengur, þar sem enginn hjúkrunarfræðingur hefði tíma til að sitja yfir viðkomandi í vöknun.

Fundurinn lýsti yfir miklum áhyggjum vegna skorts á hjúkrunarfræðingum á LSH og í áskorun sem fundarmenn samþykktu segir enn fremur: „Þessi skortur hefur því miður nú þegar komið niður á gæðum þjónustunnar og ógnar öryggi sjúklinga. Brýnt er að leita allra leiða til að takast á við þennan vanda sem varðar hag allra landsmanna. Við skorum á ráðuneyti heilbrigðis-, mennta- og fjármála, Háskóla Íslands og



MIKIL ÁLAG Á sama tíma og hjúkrunarfræðingum hefur fækkað á LSH hefur legutími styst og hjúkrun þingst að sama skapi. Myndin er frá spítalanum.

Háskólann á Akureyri sem og heilbrigðisstofnanir landsins að taka nú höndum saman við lausvandans. Málið þolir enga bið.

„Þetta var alveg ótrúlegur fundur,“ segir Elsa. „Ég hélt ég vissi nokkuð hvernig staðan væri. En að ástandið væri orðið svona alvarlegt, bæði hvað varðar vinnu við óöruggar aðstæður vegna manneklun og lýsingar hjúkrunarfræðinganna á sínu starfsumhverfi, það hvarflaði satt að segja ekki að mér.“

Hún segir það hafa komið fram að hjúkrunarfræðingur í fullu starfi vinni 140 yfirvinnustundir á mánuði. Til viðbótar þessum skorti séu margar deildir spítalans yfirfullar. Á fundinum hefðu glögglega komið fram þungar áhyggjur hjúkrunarfræðinga vegna velferðar skjólstaðinganna. Grunntóninn hefði verið sá að lengra yrði ekki gengið í því að skerða rétt fólksins til að fá örugga þjónustu.

jss@frettabladid.is



OLMERT OG MOSHE KATSAV Forseti Ísraels veitti Olmert stjórnarmyndunarumboð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ehud Olmert í Ísrael:

Hyggst mynda stjórn án tafar

JERÚSALEM, AP Ehud Olmert, leiðtogi stærsta flokksins á ísraelska þinginu, fékk á fimmtudag formlegt umboð til að mynda ríkisstjórn.

Hann sagðist ætla að verða snöggur að því að koma saman samsteypstjórn sem hefði það á stefnuskrá sinni að fækka verulega landtökubýggðum á Vesturbakkanum.

Kadima, flokkur Olmerts, hlaut 29 þingsæti í kosningunum í mars, en alls eiga 120 fulltrúar sæti á Knesset, ísraelska þinginu.

Olmert sagðist ætla í opinbera heimsókn til Egyptalands fljótlega eftir að hann hefði lokið við að mynda ríkisstjórn.

- gb

UTANRÍKISMÁL

Afhenti trúnaðarbréf Sturla Sigurjónsson sendiherra afhenti forseta Indlands trúnaðarbréf sitt við hátíðlega athöfn í forsetahöllinni í Nýju-Delhí á miðvikudag. Sturla er fyrsti sendiherra Íslands á Indlandi sem hefur aðsetur í Nýju-Delhí.

Með kröftugt drif á öllum hjólum og veit hvert á að beina þeim

LEGACY SUBARU



STADALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Sjálfskiptur Sedan **2.440.000,-** Beinskiptur Sedan **2.310.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.590.000,-** Beinskiptur Wagon **2.490.000,-**

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Selfossi 482-3100	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1190	Reyðarfirði 474-1453
-------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	----------------------------	----------------------

TILBOÐ:

Leidsögutæki fylgir hverjum seldum Legacy

Garmin GPS leidsögutæki með íslensku veg- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-

Var einhver að tala um þægilega fermingargjöf?



Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

Nú getur þú sent gjafakort Kringlunnar með fermingarskeytinu.

Þú velur um 1.000, 2.500, 5.000 og 10.000 kr. gjafakort.

Verð gjafaskeytisins er 1.500 kr. og við bætist upphæð gjafakortsins.

Pantaðu gjafaskeyti í síma 1446.


PÓSTURINN
allur pakkinn

Greiðist með kreditkorti eingöngu. Aðeins afhent viðtakendum á höfuðborgarsvæðinu.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.754 +0,47% Fjöldi viðskipta: 676
Velta: 6.238 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Flaga 4,9%
Icelandic Gr. 3,51%
Alfesca 3,34%

MESTA LÆKKUN

↓ Össur 1,75%
Atorka 1,71%
Avion 0,74%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 60,10 +0,67% ... Alfesca 4,00 +2,04% ... Atorka 5,75 -1,71% ... Bakkavör 50,40 +1,82% ... Dagsbrún 6,67 +0,00% ... FL Group 21,90 +2,34% ... Flaga 3,21 +4,90% ... Glitnir 17,60 +1,73% ... KB banki 788,00 +1,03% ... Kögun 74,40 -0,54% ... Landsbankinn 23,60 -0,42% ... Marel 74,30 -0,27% ... Mosaic Fashions 18,00 +1,12% ... Straumur-Burðarás 17,40 +0,58% ... Össur 112,00 -1,75%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Óvænt krónubréfaútgáfa

Í gær var tilkynnt um útgáfu krónubréfa á vegum European Investment Bank (EIB) fyrir þrjú milljarða króna með gjalddaga í október 2008. Samtals hafa verið gefin út krónubréf fyrir rúmlega 224 milljarða frá því útgáfa slíkra bréfa hófst í fyrra. Útgáfan í gær kom nokkuð á óvart fyrir þær sakir að erlendir fjárfestar hafa verið nokkuð brenndir eftir þá gengislækkun sem hefur átt sér stað og ætla mætti að spár um áfram-gengislækkun gætu fælt þá frá. Enn fremur kemur þessi útgáfa á óvart á þessum tímabili þar sem kjör á skiptasamningum sem útgefendur krónubréfa þarfnast hafa versnað verulega í kjölfar þess að þrengt hefur að erlendri fjármögnun íslenskra banka.

Ólíklegt að útgáfan nái fyrri hæðum

Tap fjárfesta sem hafa keypt krónubréf hleypur á milljörðum íslenskra króna. Það kemur til af því að gengi krónunnar hefur lækkað um 9 til 16 prósent gagnvart evru sé miðað við það hvenær á tímabilinu bréfin voru gefin út. Lækkun gengis krónunnar gerir það að verkum að ávinningur erlendu fjárfestanna af vaxtamuninum er horfinn en tapið af heildarútgáfu krónubréfa er rúmirtuttugu milljarðar króna. Í markaðsyfirliti Glitnis, sem kom út í fyrradag, eru rök færð fyrir því að ólíklegt sé að útgáfa krónubréfa nái fyrri hæðum þrátt fyrir að væntur ávinningur erlendra fjárfesta sé meiri nú en þegar útgáfan var sem mest. Gengi íslensku krónunnar styrktist í gær.



MARKAÐSPUNKTAR...

Á hluthafafundi Kögunar voru Ásmundur Tryggvason, Einar Þór Sværissón, Páll Ásgrímsson, Vilhjálmur Þorsteinsson og Örn Karlsson kosnir í stjórn Kögunar hf. fram til næsta aðalfundar.

Stjórn EJS hf. hefur gert samkomulag við Víðar Víðarsson um að hann láti af starfi sem framkvæmdastjóri EJS hf. Jón Viggó Gunnarsson tekur tímabundið við stöðu framkvæmdastjóra.

Greining Glitnis hefur gefið út nýtt verðmat á Marel og telur það 15,8 milljarða króna virði, sem jafngildir 66,3 krónum á hlut. Í síðasta verðmati Glitnis á Marel í ágúst 2005 fékkst verðmat upp á 58,8 krónur á hlut.

Þróun Úrvalsvísitölu líkt við rússíbana

Greiningardeild Landsbankans líkir þróun Úrvalsvísitölunnar á fyrsta ársfjórðungi við rússíbana í nýútgefinni afkomuskýrslu.

Um miðjan febrúar hafði vísitalan hækkað um 25 prósent frá áramótum þegar hún gaf verulega eftir og endaði í 6,5 prósentu hækkingun við lok fjórðungsins.

Bankinn telur að hlutabréfamarkaður sé sanngjarnt verðlagður um þessar mundir og reiknar með að ávöxtun stærstu félaga í Kauphöll Íslands verði fjórtán prósent á næstu tólf mánuðum.

Veiking krónunnar hefur

jákvæð áhrif á 98 prósent markaðarins. Markaðurinn er mjög viðkvæmur fyrir öllum fréttum sem tengjast lánshæfi Íslands og íslensku bankanna auk þess sem lánsfjármagn í krónum og erlendum myntum er dýrara, sem gæti lækkað hlutabréfaverð.

Deildin spáir því að hagnaður sautján félaga í Kauphöllinni verði tæpir 49,8 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi. Straumur hagnast um 16,7 milljarða en KB banki örlitlu minna. Bæði FL Group og Glitnir koma til með að hagnast um yfir sex milljarða króna.

- eþa



Spáir yfir 51 milljarðs hagnaði

Greining Glitnis spáir því að afkoma þeirra fjórtán fyrirtækja sem bankinn fylgist með verði samlögð yfir 51 milljarðar króna á fyrsta ársfjórðungi. Sem fyrr eru það fjármálafyrirtæki og fjárfestingafélög sem leiða hópinn. Er reiknað með að hagnaður KB banka og Straums verði rúmirtuttugu milljarðar, Landsbankinn hagnist um 12,4 milljarða og FL Group um 8,5 milljarða.

Glitnir stendur við fyrri spá sína um að Úrvalsvísitalan hækki um fimmtung á þessu ári. Hjól efnahagslífsins snúist enn vel þessa dagana auk þess sem veiking krónunnar komi væntanlega til með að skila sér í bættri afkomu marga félaga í Kauphöll Íslands. „Það sem einkum mælir með góðri hækkingu á hlutabréfaverði er góð arðsemi og sterkt sjóðstreymi helstu fyrirtækjanna



SPÁ FIMMTUNGSHÆKKUN Greining Glitnis gerir ráð fyrir ágætari ávöxtun á hlutabréfamarkaði á árinu þrátt fyrir lækkunir að undanförunu.

í Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands,“ segir í afkomuspá.

Hlutabréfaverð hefur hækkað um 4-5 prósent það sem af er ári. Greiningardeildin mælir með

yfirvogun á bréfum Actavis og Bakkavarar, sem merkir að þessi tvö félög muni skila betri ávöxtun en markaðurinn á næstu þremur til sex mánuðum.

- eþa

Trajet

Kr. 25.000 á mánuði*

- Sæti fyrir 7 fullorðna
- ABS bremsur
- 3 punkta öryggisbelti fyrir öll sæti
- Snúningstólar að framanverðu
- Fáanlegur með díselvél



Þægindin eru til að njóta þeirra



HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Umoðsmenn um land allt

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Segir ytri aðstæður vera óhagstæðar

„Ferðabjónustan hefur þróast sem ein af meginstöðum íslensks atvinnulífs,“ sagði Jón Karl Ólafsson, formaður Samtaka ferðabjónustunnar, á nýafstöðnum aðalfundi samtakanna. „Við erum þriðja stórin í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og við verðum að láta það heyrast hátt og snjallt.“

Ytri aðstæður segir Jón Karl hafa verið óhagstæðar ferðabjónustunni. Meðal ástæðna fyrir minni fjölgun ferðamanna hingað



JÓN KARL ÓLAFSSON

til lands á síðasta ári samanborið við fyrri ár segir hann vera dýrtíð og hátt gengi krónunnar.

Þá segir Jón Karl ummæli sjávarútvegsráðherra um að stefnt sé að því að hefja hér hvalveiðar á ný hafa komið á óvart. „Sérstaklega að hvalveiðar ættu ekki að hafa nein áhrif á ímynd landsins. Slík ummæli eru ekki í samræmi við reynslu ferðabjónustufyrirtækja sem starfa á erlendum mörkuðum.“

- jab

Ákvörðun ESA dæmd ógild

Ákvörðun ESA, Eftirlitsstofnun Evrópska efnahagssvæðisins, um að hreyfa ekki andmælum við ríkisaðstoð til Íbúðalánasjóðs var dæmd ógild hjá EFTA-dómstólum í gær. Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) skutu málinu til dómsins. Dómstóllinn skyldar ESA til að greiða allan málskostnað.

Dómurinn byggir á að formgalli hafi verið á umræddri ákvörðun. Vafi hafi leikið á hvort ríkisaðstoðin samrýmdist samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og því hefði átt að hefja formlega rannsókn á fyrirkomulagi húsnæðislánamála hér.

Dómurinn tekur fram að stjórnvöld geti haft ákveðnum félagslegum skyldum að gegna á húsnæðis-

lánamarkaði og vísar til fordæmis Husbanken í Noregi.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri SBV, fagnar dómmum. „Nú færst málið aftur yfir til ESA,“ segir hann og telur það þegar fara í athugun. Hann býst við niðurstöðu fyrir árslok og vísar til breytinga á Íbúðalánasjóði sem stjórnvöld undirbúi. „Nauðsynlegt er að stjórnvöld ljúki málinu sem fyrst, ekki bara með þeim hætti að aðilar hér heima geti sætt sig við, heldur líka þannig að samrýmist kröfum ESA,“ segir hann.

Varðandi fordæmi um ríkisaðkomu á húsnæðismarkaði, líkt og í Noregi, segir Guðjón aðkomu stjórnvalda í þeim efnum þurfa að vera háða skýrum takmörkunum



GUÐJÓN RÚNARSSON Guðjón, sem er framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, býst við niðurstöðu varðandi Íbúðalánasjóða á árinu.

til að samræmast ríkisstyrkja- og samkeppnisreglum EES.

- óká



DÝRT BENSÍN Verðmæti innflutnings á eldsneyti var óvenjumikið í mars.

Aldrei meiri vöruskiptahalli

Vöruskiptahalli sló öll fyrri met í mars samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Verðmæti innflutnings í mánuðinum var 33,3 milljarðar króna en útflutnings 19,9 milljarðar. Verðmæti eldsneytisinnflutnings var óvenjumikið, bæði vegna mikils magns og verðhækkunar á heimsmarkaði, og mikið var flutt inn af fjárfestingar- og rekstrarvörum sem ýtti undir hallann.

Í mars var gengi krónunnar rúmlega átta prósentum lægra en í febrúar. Sé á annað borð halli á vöruskiptajöfnuði hefur gengislækkun neikvæð áhrif á hann til skamms tíma. Verðmæti innflutnings og útflutnings hækkar hlutfallslega jafnmikið í krónum talið og því breiðast krónutölbilið. Greining Glitnis gerir því ráð fyrir að vöruskiptahalli allra næstu mánuði verði verulegur en þegar líða tekur á árið gæti hann minnkað hratt.

- hhs

Formannsskipti í bankaráðinu

Formannsskipti urðu í bankaráði Seðlabanka Íslands þegar Ólafur G. Einarsson, fyrrum þingmaður og ráðherra,



ÓLAFUR G. EINARSSON Ólafur hefur lengi ætlað sér að hætta sem formaður bankaráðs Seðlabankans.

sagði af sér formennsku í ráðinu á fundi þess í gær. Helgi S. Guðmundsson var kosinn formaður í hans stað en Ólafur var kjörinn varaformaður ráðsins.

Ólafur hefur setið í bankaráði Seðlabankans í rúm sjö ár og telur tíma kominn til að hætta. „Ég hafði ætlað mér þetta nokkuð lengi og reiknaði satt að segja aldrei með því að sitja út kjörtímabilið,“ segir Ólafur, en í kjölfar lagabreytinga um Seðlabankann frá árinu 2001 er kjörtímabil bankaráðs Seðlabankans það sama og þingmanna á Alþingi og kosið til setu í ráðinu að loknum þingskosningum.

„Ég hef haft nóg að gera og hef ákveðið að draga saman seglin á þessu sviði,“ segir Ólafur, sem verður 74 ára á árinu og ætlar að einbeita sér að öðrum verkefnum þegar hann hverfur úr bankaráði Seðlabankans að loknum kosningum á næsta ári.

- jab

Betra verð.....

Dökt súkkulaði 100g
kr 69.-

Mjólkursúkkulaði með heslihetum 100g
kr 69.-

Lakkrisdropar 500g
kr 198.-

Krakkabland 450g
kr 198.-

Lakkriskonfekt 500g
kr 198.-

Sykurpúðar 400g
kr 198.-

Súkkulaði með nógat kjarna og karamellu 300g
kr 198.-

Súkkulaðistangir með mjúki kókosfyllingu 300g
kr 198.-

Súkkulaðistangir með karamellu 300g
kr 198.-

Súkkulaðistangir með nógat kjarna og jarðhetum 300g
kr 198.-

BÓNUS

býður betur

býður betur

MESTA ÚRVAL LANDSINS

af grillum í BYKO!



Vnr.50630100

Gasgrill

OUTBACK gasgrill Omega 200. Stærð: 55x36 cm, grillflötur með tvískiptum brennara, hliðarborði, neistakveikjara, þýstijafnara og grillsteinum.



Vnr.50632102

Gasgrill

ELEGANT UNION gasgrill með tveimur brennurum, pottjárn í grillgrind. Grillflötur 50x50 cm. Neistakveikjari, hitamælir og efri grind.



Vnr.50632308

Gasgrill

54.900

OUTBACK ELITE SPIRIT gasgrill, 60x50 cm grillflötur með þremur brennurum, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárn, neistakveikjari, hitamælir, efri grind þýstijafnari og grillsteinar. Kemur samansett fyrir utan fætur og hliðarborð.



Vnr.50640102

Gasgrill

59.900

PHOENIX gasgrill, 3 brennarar, ryófrír hjálmur og hitamælir. Pottjárn í grillgrind og brennurum. Grillflötur 65x49 cm, álgrind og gler í hliðarborð og undirborði.



Vnr.50632110

Gasgrill

45.900

ELEGANT UNION gasgrill með þremur brennurum og hliðarhelli, pottjárn í grillgrill, grillflötur 63x49 cm, efri grind, neistakveikjari, hitamælir.



Vnr. 50652555

Gasgrill

STERLING gasgrill 2555, grillflötur 62x38 cm með tvískiptum brennara, emeleruð grillgrind, neistakveikjari, hitamælir, efri grind og þrústíjafnari.

34.900

~~45.258~~



Vnr.50632104

Gashitari

MR. HEAT borðhitari ryðfrír, 2,7 kw, hæð 76 cm, hattur 48 cm.

12.900



Vnr.50706891

Gashitari 18.900

Gashitari, 13 kw, hæð 240 cm, hattur 80 cm, grænn.



Vnr.50632116/18

Yfirbreiðsla

Verð frá **2.490**

Yfirbreiðsla fyrir tveggja eða þriggja brennara gasgrill.



BYGGIR MEÐ ÞÉR

skoðun

SKÓÐUN
SJÓNARMÍÐ
PORSTEINN PÁLSSON

Breyttir tímar:

Önnur pólitísk viðfangsefni

Öngum hefur verið litið svo á að meginhlutverk forsætisráðherra væri að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar. Í samræmi við þá hugsun er það jafnan svo að boðskapur forsætisráðherra til þjóðarinnar á hverjum tíma snýst um atvinnuþátt, fjármál og peningamál. Þetta hefur verið hlutskipti núverandi forsætisráðherra og allra forvera hans.

Allt er þetta í góðu samræmi við viðteknar hugmyndir um það hvert menn telja að eigi að vera hlutverk þess manns sem er æðsti pólitíski handhafi framkvæmdavaldsins. Aukheldur fellur þessi háttur nákvæmlega að skipulagi stjórnarráðsins. Fá ár eru síðan hlutverk forsætisráðherra var aukið að þessu leyti er mál-efni Seðlabankans voru færð til hans. Núverandi forsætisráðherra hefur gegnt þessu hlutverki af ræktarsemi og þekkingu.

En spurningin er: Á þetta að vera svona? Er ekki eðlilegt að pólitísk umræða aðlagist breyttu pólitísku landslagi? Sú var tíð að efnahagsstarfsemin var meira og minna miðstýrð. Hver atvinnugrein hafði sitt regluverk. Þeir ráðherrar sem sátu í atvinnuvegaráðuneytinum gegndu pólitískum lykilhlutverkum. Efnahagsráðstafanir voru gerðar á þriggja mánaða fresti. Forsætisráðherrann hlaut eðli máls samkvæmt að hafa forystu þar um.

Öllu þessu hafa menn breytt. Fyrsta stóra skrefið eftir viðreisn var stigið 1984 þegar vaxtaákvæðanir voru færðar til Seðlabankans. Mestar breytingar urðu við aðildina að innri markaði Evrópusambandsins og jafnt og þétt síðan. Seðlabankinn hefur nú sjálfstæða stöðu til þess að halda verðbólgu í skefjum með peningamálaágerðum. Atvinnulífið er frjálst og fjármagnsflutningar frjálsir. Aðkoma ríkisstjórnarinnar að efnahagsstjórninni er fyrst og fremst í gegnum ríkisfjármálin.

Þrátt fyrir þetta halda flestir stjórnámálemenn áfram að eyða mestum hluta tíma síns í að tala um efnahagsmál. Ráðherrar og forseti Íslands leggja sig í framkróka við að fara í sendiferðir heimshorna á milli með atvinnufyrirtækjum sem leita fyrir sér á erlendum mörkuðum. Í sjálfu sér góða gjalda vert. En eru þetta rétt viðbrögð við nýjum aðstæðum?

Á sama tíma eyða stjórnámálemenn tiltölulega litlum tíma í að ræða skólamála. Ekki leikur þó á tvennu að einmitt á því sviði liggja allra mikilvægustu fjárfestingarmöguleikar framtíðarinnar. Og það er einmitt þar sem stjórnámálemenn ráða yfir meiri fjármunum en atvinnulífið.

Á vettvangi stjórnámálanna hafa menn kosið að láta kennara nánast eina um að ræða skólamála. Þar eiga hins vegar fleiri að koma að og þá ekki síst stjórnámálemennirnir sjálfir.

Heilbrigðismálin eru mikilvægasta þjónustusviðið í hverju þróðu samfélagi. Þar ráða stjórnámálemenn yfir peningum. Þeir eiga því hvorki að láta heilbrigðisstéttirnar einar um að ræða þau málefni né ráða þeim. Þeir eiga sjálfir að móta stefnuna.

Það er á þessum sviðum sem ríkið hefur eitthvað að segja. Breski forsætisráðherrann talar meira um skólamála og heilbrigðismál og ef til vill lög og rétt en nokkurn tímann um efnahagsmál. Ráðherrar þessara málaflokka eru í nútímanum mikilvægustu menn ríkisstjórna í þróuðum löndum.

Þessi mál eru ekki ópólitísk. Um þau hugsar fólk. Það er kominn tími til að stjórnámálin gefi þeim meira svigrúm í umræðunni. Um leið og forsætisráðherrann tekur þar forystu fylgja aðrir á eftir. Fjármálaráðherrann á að sjá um efnahagsmálin. Af sjálfu leiðir síðan að breyta þarf skipulagi stjórnarráðsins.

MARKAÐURINN

Mest lesna
viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Djörfung og dugur

Fyrir liðlega hálfum mánuði tilkynnti Hallgrímur B. Geirsson á aðalfundi Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, að hann óskaði eftir starfslokum. Honum voru þökkuað störfin í tutugu ár sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri um leið og þess var óskað að hann gegndi stöðunni áfram þar til eftirmaður tæki við. Engum sögum fer af því enn að búid sé að finna þann mann en orðrómur er á kreiði eins og gengur og hefur Sigurður G. Guðjónsson, lögfræðingur og stjórnarformaður Árs og dags, útgáfufélags Blaðsins, verið orðaður við stöðuna að undanförmu. Árvakur er nú drjúgur eigandi útgáfufélags Blaðsins svo sem kunnugt

er þannig að tengslin eru fyrir hendi. Sigurður er auk þess fylginn sér og nýtur reynslunnar af því að hafa stýrt Stöð 2 hjá gjaldþroti fyrir fáeinum misserum. Hann er áreiðanlega ekki búinn að gleyma því er honum var gert að taka pokann sinn á Stöð 2 og þykir sjálfsagt ógrandi að fara fyrir skefjalausri samkeppni við fjölmiðla 365. - Þá hefur Ragnhildur Geirsdóttir einnig verið orðað við framkvæmdastjórn hjá Árvakri. Sem kunnugt er hvarf hún í skyndingu úr brúnni hjá FL group með 130 milljóna króna starfslokasamningi í fyrra.

Við gefumst upp

Að undanförmu hafa sprottið upp kynstrin öll af hugmyndum um lausnir í varnarmálum þjóðarinnar sem kanna mætti



nánar. Þetta er eins og hvert annað viðbragð við aðsteðjandi vanda. - Jónas Kristjánsson, ritstjóri jonas.is, lætur sér fátt um finnst en rifjar upp eftirfarandi: „Ef Rússar vilja kasta sprengjum á okkur, getum við farið eftir tillögu Glistrups í Danmörku, sem lagði til, að í landvarnaráðuneytinu yrði settur upp símsvari, er segði í sífellu: „Við gefumst upp“. Núverandi varnir landsins duga ekki gegn hefðbundinni árás, enda vill enginn ráðast á okkur. Varnarliðið er óhæft til hvers kyns varna í nútímanum, einnig gegn innstreymi skæruliða, sem vilja framkalla hryðjuverk til að skemmta sér eða vekja athygli á kennisettningum sínum. Í stað þess að væla í Bandaríkjunum eiga landsfeður okkar að setja upp varnir.“
johannh@frettabladid.is

Birtingarmynd föðurveldisins

Um hvað snýst hún eiginlega, þessi „útrás“? Hvernig stendur á því að Íslendingar eru búnir að finna upp hugtak yfir fyrirbæri sem hvergi annars staðar í heiminum er til hugtak yfir? Bretum finnst ekki tíðindum sæta að einhver Breti kaupir fyrirtæki í öðru landi. Japönsk dagblöð æpa ekki af fögnuði í hvert sinn sem Japani fjárfestir erlendis. Af hverju eru Íslendingar öðruvísi? Eiga þessar þjóðir ekki nógu góða spunameistara? Eða er útrásin kannski framlag Íslendinga til heimsmenningarinnar? Alveg eins og rán, vígaferli og nauðganir voru á víkingaöldinni.

Í orðræðunni um útrás felst stæk þjóðernishyggja. Hvers vegna ætti ég að fagna þótt kapitalisti sem fjárfestir í stórmarkaði erlendis sé íslenskur en ekki frá Bermuda eða Luxemburg? Hvaða hag hefur launafólk almennt af slíku? Svárið er auðvitað: Ekki nokkurn skapaðan hlut. Þess vegna er reynt að telja okkur trú um að þótt útrásin varði okkar persónulega hag ekki neitt þá sé hún samt sem áður góð fyrir þjóðarhag.

Þar komum við að einni þverstæðu hagfræðinnar. Feður hennar á 18. öld héldu því fram að hreyfiafl hennar væri hin ósýnilega hönd markaðarins sem stjórnvöld ættu að trufla sem minnst. En þeir skrifuðu líka um „auðlegð þjóðanna“. Og þá má spyrja sig: Ef þjóðir hafa ekki vilja, af hverju ættu þær þá að eiga auð? Af hverju eiga þær hagsmuni af auðsköpun? Er hægt að slíta slíka hagsmuni úr samhengi við vilja fólks og valfrelsi? Um hvað annað snýst þjóðarhagur en trúna á sameiginlegan auð og hagsmuni og að endingu, sameiginlegan vilja?

Arftakar Adams Smiths hafa meira eða minna lokað augunum fyrir þessum vanda. Ef hagfræðingar tryðu í raun og veru á ósýni-

Í DAG
ÚTRÁSIN



SVERRIR
JAKOBSSON

Af hverju ættu stjórnámálemenn sem trú á hina ósýnilegu hönd að þrasa endalaust um efnahagsmál? Og hafa þeim mun meiri skoðanir og forskriftir á hraðbergi eftir því sem þeir þykjast vera trúaðri á markaðslögmálin sem „náttúrulögmál“?

legu höndina þá mundu þeir aldrei ráðleggja nokkrum manni um efnahagsmál, hvað þá ástunda hagstjórnun. Það samræmist tæplega hugmyndinni um frumskógarlög málið að vera með stöðug inngríp og samfélagslækningar til að viðhalda hagvexti á Íslandi í stað þess að leyfa lögmálunum að hafa sinn gang og fylgjast með gangi þeirra. Hagfræðingar eru hins vegar stöðugt að reyna að gripa inn í og hafa meira að segja stofnanavætt inngrípning greiningardeilum.

Og hvað má segja um stjórnámálemennina? Af hverju ættu stjórnámálemenn sem trú á hina ósýnilegu hönd að þrasa endalaust um efnahagsmál? Og hafa þeim mun meiri skoðanir og forskriftir á hraðbergi eftir því sem þeir þykjast vera trúaðri á markaðslögmálin sem „náttúrulögmál“? Ef stjórnámálemennirnir sem þykjast trú á „frelsið“ væru samkvæmir sjálfum sér þá myndu þeir leyfa almenningi að stunda sín viðskipti

og lífsbaráttu á friði án þess að ræða efnahagsmál 24 stundir á sólarhring.

Umfram allt myndu þó stjórnámálemennirnir ekki stöðugt vera að rembast við að skapa störf. Það er nefnilega ekkert sem er síður í samræmi við kenninguna um ósýnilegu höndina heldur en að stjórnámálemenn reyni að stjórna því hvar störf skapast og hvar ekki, kallandi sig eftir sem áður frjálshyggjumenn og deilandi í orði á „forsjáryggju“. Hvað þá myndu stjórnámálemenn sem tryðu í raun á hina ósýnilegu hönd standa fyrir stórfelldum erlendum lán-tökum risavaxins ríkisfyrirtækis, eins og t.d. Landsvirkjunar, til þess að auka „útflutningstekjur“. Þarf frekari sannanir fyrir því að stjórnámálemenn, hvar í flokki sem þeir standa, líta í raun og veru á þjóðina sem „makróorganisma“, risavaxinn þjóðarlíkama sem þarf stöðuga næringu í æð? Gleymum því ekki að Pétur Blöndal studdi byggingu Kárahnjúkavirkjunar, rétt eins og allir hinir stjórnlyndu stjórnarliðarnir.

Á bak við allt talið um frelsi og ósýnilegar hendur búa stjórnámálemenn samtímans ennþá í föðurveldi húsagans. Þjóðin hefur ekki einungis vilja, hún er einn líkami og þeir eru að sjálfsögðu höfuðið. Í þessu samfélagi verður útrásin til og snýst í raun og veru um það sama. Fjárfestarnir, peningamennirnir, eru feðurnir en við hin, 95% landsmanna, erum litlu börnin sem þeir vinna fyrir. Orðræða útrásarinnar snýst um það að þeir séu að draga björg í bú fyrir okkur hin, þjóðfélagslimina sem vantar næringu. Alveg eins og duglegu stjórnámálemennirnir okkar sem skapa störf og útflutningstekjur með því að selja orkuna og landið á spotprís.

Vesalings Adam Smith! Maður sem á slíka sporgöngumenn þarf ekki á óvinum að halda.

„Ekki benda á mig“

UMRÆÐAN
ÁBYRGÐ
RÁÐAMANNA



ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

Er þá svo komið fyrir þessari þjóð að hún hafi kosið yfir sig ráðamenn sem hreinlega sjá ekki samhengi hlutanna og átta sig ekki á því að gerðir þeirra hafi raunverulega áhrif á venjulegt fólk?

Ráðherrar ríkisstjórnarinnar keppast nú við hver af öðrum að sverja af sér ábyrgð á því ástandi

sem skapast hefur á hjúkrunarheimilum og sjúkrahúsum. Heilbrigðisráðherra bendir á að hennar ráðuneyti ráði ekki fjárveitingum, fjármálaráðherra bendir á að öll þessi mál séu háð frjálsum samningum, og forsætisráðherra bendir á að þessi mál heyri nú undir fagraðuneytin! Komin í þægilegan hring, og enginn þarf að axla ábyrgð.

En hvar liggur ábyrgðin ef ekki einmitt hjá þessum ráðherrum? Ber heilbrigðisráðherra, sem var umhverfisráðherrann sem hleypti Kárahnjúkavirkjun í gegn, þvert á faglegar umsagnir, enga ábyrgð á þeirri þenslu sem er í þjóðfélaginu? Ber fjármálaráðherrann, sem hefur aukið skattheimtu á láglaunafólk (einmitt það fólk sem hefur verið í setuverkfallum til að fylgja eftir kröfum sínum), virki-

lega enga ábyrgð? Ber forsætisráðherrann, sem í blindni hefur barið áfram stóriðjustefnu, bankasölurnar og kvótakerfið, virkilega enga ábyrgð? Er þá svo komið fyrir þessari þjóð að hún hafi kosið yfir sig ráðamenn sem hreinlega sjá ekki samhengi hlutanna og átta sig ekki á því að gerðir þeirra hafi raunverulega áhrif á venjulegt fólk?

Ég hef áður haldið því fram að verðmætamat okkar hljóti að vera eitthvað brenglað þegar forgangsröðunin raðar fólkí alltaf aftast, en dauðum hlutum og peningum fremst. Við getum sýnt í verki í kosningunum í vor að þó að æðstu ráðamenn þjóðarinnar séu með „bilaðan fattara“ sé okkur hinum ekki þannig farið.

Höfundur er lækni og oddviti Vinstri grænna í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Íslanddrenpsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðkomu verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörnum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Vilt þú betri vexti

til að klára dæmið?

**TILBODS
VEXTIR!**

13,6%*

Dæmi um greiðslubyrði

Fjöldi ára	200.000 kr.	400.000 kr.	600.000 kr.	800.000 kr.	1.000.000 kr.
1	19.101	37.454	55.807	74.161	92.514
2	10.385	20.143	29.901	39.658	49.416
3	7.480	14.372	21.265	28.158	35.050
4	6.027	11.487	16.947	22.407	27.868
5	5.155	9.756	14.357	18.957	23.558
6	4.574	8.602	12.629	16.657	20.685
7	4.159	7.790	11.396	15.014	18.633
8	3.848	7.159	10.471	13.782	17.093

Forsendur: 1% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 13,6% vextir - Kostnaður lánaður

Sæktu um lán...

WWW.S24.IS



533 2424 - Sætún 1

*Miðað við vaxtatöflu S24 01.02.2006, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 31.05.2006.

DV

Hefur þú séð DV í dag?

DV Helgarblað

Katla Margrét og Sveinn Andri
Harmur & hamingja hálf systkina

LEIKKONAN OG LÖGFRÆÐINGURINN HVORT Á SÍNUM TOPPI Í TILVERUNNI

Stúlkur á bleikum baðstoppum

Sigurvegarnir fagna

Hórnústíð í Ármúla ein opni

Dagný Linda er skóla- stjarna

Smitaðist af hestabakteríunni

Hilmir Snær & Ilmur

Einfaldlega best

Kjartan Gunnarsson

b.young

visir VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

GÓÐAR BYLGJUR Í LOFTINU

BYLGJAN

20 ÁRA

Í tilefni af 20 ára afmæli Bylgjunnar hafa ýmsar breytingar verið gerðar á útliti og starfsemi Bylgjunnar. Bylgjan hefur fengið andlitsyfingu með nýju merki og hljómar nú enn betur. Lítt 96,7 heitir nú Lítt Bylgjan, en einnig hafa bæst við nýjar stöðvar, Gull Bylgjan og Ný Bylgjan. Þú getur fundið þína Bylgju á bylgjan.is eða Digital Ísland.

Bylgjan heldur sínu striki eftir 20 ára starfsemi með fréttum, fróðleik og bestu tónlistinni. Bylgjan er send út á FM 98,9, bylgjan.is og Digital Ísland.

BYLGJAN 98,9 **LÍTT BYLGJAN 96,7** **GULL BYLGJAN VEFRADIO** **NÝ BYLGJAN VEFRADIO**

MAÐUR VIKUNNAR

Ósérhlífinn og gamaldags hugsjónarmaður

ÖGMUNDUR JÓNASSON
ÞINGMAÐUR


Miklar deilur hafa verið í vikunni um framtíð Ríkisútvarpsins og hefur Ögmundur Jónasson farið fremstur í flokki þeirra sem andmæla áformum um að gera stofnunina að hlutafélagi. Segir hann það dapurlegt að tilstandi að hrinda þessari stofnun, sem sé kjölfestan í menningu og fjölmiðlun í landinu, á markaðstorgið. Einnig segir hann að hagur og öryggi starfsmanna muni skerðast. Var honum svo mikið niðri fyrir að hann talaði í sex klukkustundir á Alþingi í vikunni og hefur því talað lengur samfleytt en nokkur annar þingmaður.

Fjölskylda og starfsferill

Foreldrar Ögmundar eru hjónin Jónas B. Jónsson og Guðrún Ó. Stephensen og fæddist hann í höfuðborginni hinn 17. júlí 1948 og er því fimmtíu og sjö ára að aldri. Árið 1974 gekk hann að eiga Valgerði Andrésdóttur og eiga þau þrjú börn. Hann ólst upp í Reykjavík en árið 1966 lagði hann land undir fót og stundaði nám í London í eitt ár en lauk svo stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1969. Að því loknu kenndi hann í Grunnskóla Reykjavíkur árið 1971 til 1972. Hann hélt aftur í námsför til Bretlands og lauk meistaraáráðu í sagnfræði og stjórn málafræði frá Edinborgarháskóla árið 1974 og vann eftir það við sagnfræðirannsóknir til 1978. Hann var stundakennari í sagnfræði við Háskóla Íslands árið 1979 en á sama tíma var hann orðinn útvarpsfréttamaður hjá RÚV. Árið eftir varð hann fréttamaður sjónvarpsins en lét af því starfi 1988 þegar hann varð formaður BSRB. Hann gegnir því embætti enn. Hann hefur verið þingmaður frá því 1995. Fyrst fór hann inn sem þingmaður Alþýðubandalagsins en fyllir nú lið Vinstri grænna.

Óréttlæti reitir hann til reiði

Bæði samstarfsmönnum og andstæðingum Ögmundar kemur saman um að hann sé stálheidarlegur. Andstæðingar meta það við hann að engum dylst hvar hann stendur. Náin samstarfsskona Ögmundar segir að ef hún fengi að velja sér bróður yrði hann fyrir valinu. Hann er heilsteyptur og hamhleypta til verka. Þó getur það farið þannig að hann færirst of mikið í fang því hann á erfitt með að segja nei og vill gjarnan gera hlutina sjálfur. Það er ekki hans



sem ekki deili pólitískum skoðunum með honum og slíkt hindri hann ekki í að eiga vingott við þá.

Aðrir sjá Ögmund fyrir sér sem reiðan mann sem taki sjálfan sig og lífið full alvarlega. Þeir segja hann gamaldags og hlutskipti hans því dapurlegt að vera sífellt að berjast fyrir því að halda við hlutum sem eru að líða undir lok. Nefna menn þar að hann hafi barist ótullega gegn einkavæðingu sem nú er að mestu afstaðin og virðist hafa sannað gildi sitt. Þykir hann þá gjalda fullhátt gjald fyrir íhaldssemi sína.

Alvörugefinn spaugari

En þessi alvörugefni maður getur slegið á létta strengi og hikar ekki við að segja hrakfarasögur af sjálfum sér þegar sá gállinn er á honum. Einnig bregður hann stundum á leik og þykist kunna rússnesku en bullar þá með rússneskum hreim. Reyndar hefur

þessi eftirhermuleikur komið Ögmundi í bobba þegar rússneskumælandi menn hafa heyrt til en ekkert skilið. Þó bar svo við árið 1986 þegar leiðtogafundurinn var haldinn hér á landi að Ögmundur, einn fréttamanna, tók á móti Mikhaíl Gorbatsjev, leiðtoga Sovétríkjanna, meðan aðrir fjölmiðlamenn þurftu að bíða bak við luktar dyr. Þá bar hann fram spurningar fyrir leiðtogann á rússnesku svo skilið varð þó að rússneskunnátta fréttamannsins hafi verið af skornum skammti. Reyndar naut hann leiðsagnar leyniþjónustumanns og bar kvíðboga fyrir því að eflaust hefði sá svartan húmor sem gæti komið Ögmundi í koll frammi fyrir heimsbyggðinni sem fylgdist með.


Gamall samstarfsmaður Ögmundar á fréttastofunni telur að honum þyki sennilega meira til um þá reynslu þegar hann flutti fréttir frá hungursvæðunum í Eþíópíu eða frá afgönskum flóttamannabúðum í Pakistan. Þar heimsótti hann svokallaðar frelsishetjur Afgana sem síðar urðu þekktir sem talibanar og þóttu síður en svo frelsisvænir.

Hann segir Ögmund hafa verið góðan og áreiðanlegan fréttamann sem eftirsjá sé að. Tökst honum mætavel að segja frá mönnum og málefnum án þess að láta hugsjón sína lita þá umfjöllun. Bar Ögmundur því gjarnan við þegar hann var inntur eftir hvernig hann færi að því, að hugsjón sín væri svo góð að hann þyrfti ekki að ljúga fyrir hana.

Sambandið við andstæðingana

Eftir því sem líður á þingmannsferilinn hefur Ögmundi gengið betur að virða skoðanir pólitískra andstæðinga sinna að þeirra mati. Einn þeirra telur að hann hafi komið á Alþingi í þeirri trú að andstæðingar hans væru illa innrættir en nú væri hann farinn að skilja að svo væri ekki heldur hefðu þeir einfaldlega aðra sýn á hlutina. Segir hann að í seinni tíð hafi skapast virðing og vinátta á milli Ögmundar og margra pólitískra andstæðinga en áður hafi slíku ekki verið fyrir að fara. Samstarfsmaður hans í BSRB segir hann vinna vel með mönnum

Úrval af sófum á vaxtalausum kjörum



ekta leður

Sérsmíðum
eftir þínum þörfum.
Þú velur áklæði, stærð
og gerð og við smíðum
fyrir þig.



99.000 kr.

Fánlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 24. mán.

Leðurhornsófi 2+h+2

Eingöngu fánlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri

Fullt verð
168.000

Fánlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 24. mán.



Leðursófasett 3+1+1 Dany

Fullt verð
168.000

Fánlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 24. mán.



Leðursófasett 3+1+1 M6217

Fullt verð
204.000

Fánlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 24. mán.



Bycast sófasett 3+1+1 Nice

Fullt verð
216.000

Fánlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 24. mán.



Leðursófasett 3+1+1 Chesterfield

Fullt verð
168.000

Fánlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 24. mán.



Leðursófasett 3+1+1 3178

Fullt verð
156.000

Fánlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 24. mán.



Púðahornsófi 2+h+2 Paris

Fullt verð
237.600

Fánlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 24. mán.



Leðursófasett 3+1+1 3002

Fullt verð
168.000

Fánlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 24. mán.



Leðursófasett 3+1+1 3057

Fullt verð
168.000

Fánlegt m. vaxtalausum
greiðslum í allt að 24. mán.



Leðurhornsófi 2+h+2 3130

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 10. apríl eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Vodafone live!



Heitustu hringtónarnir

- » Silvía Nótt
- » Hjálmar
- » Bubbi
- » Ampop
- » Black Eyed Peas
- » Í svörtum fötum
- » Eminem
- » Sálín
- » Beyonce
- » Madonna

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFNAN SÍÐIS 063 1200 812004



Motofola
V3500

og

vodafone

Heyrumst!

Komdu í verslun Og Vodafone, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.ogvodafone.is fyrir nánari upplýsingar.

Bannað að heita Jóhannes?

Í Dagbók Práins Bertelssonar er sagt frá Pétri Gaut á Hamborgarabúllunni, fjallað um óklæðilegan ofvöxt, rætt um hlutabréfaviðskipti og skákborð með fjórum reitum og loks gluggað í bækur um varnarmál og hugsanlega samvinnu við Íransstjórn.

LAUGARDAGUR, 1. APRÍL

Ibsen á Hamborgarabúllunni

Ekki vissi ég fyrr en í dag að hægt væri að fara á síðdegissýningar í leikhúsi hérna í bænum en það vissi Sólveig, enda veit hún allt um menningu og menningarlíf. Án hennar væri ég álíka kúltúraður og Hómer Simpson. Nema hvað hún bauð mér á síðdegissýningu á Pétri Gaut í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar.

Hugsanlega hef ég einhvern tímann áður skemmt mér jafnvel í leikhúsi – en aldrei betur. Þetta var stórkostleg upplifun! Lítil leikhópur undir stjórn hæfileikaríks leikstjóra tók þetta mikla verk og magnaði fram frábæra sýningu. Hugmyndaauðgin hjá Baltasar Kormáki og félögum kom mér ekki á óvart, heldur hinn djúpi skilningur á verkinu og lífsreynslan og getan til að tengja grundvallarþemu þessa leikrits frá 19du öld við hugmyndaheim 21tu aldar. Mig sundlaði af hrifningu.

Til að komast aftur niður á jörðina úr hinum listrænu hæðum laundaði ég Sólveigu með því að bjóða henni á Hamborgarabúlluna. Veitingastaðir gerast ekki jarðbundnari. Maður fær nákvæmlega það sem maður var að sækjast eftir, hvorki meira né minna. Pétur Gautur væri þarna ábyggilega í föstum viðskiptum til að hvíla sig á finu stöðunum ef hann byggði í Reykjavík. Og sennilega Ibsen líka.

SUNNUDAGUR, 2. APRÍL

Spikið á montrassinum

Alþingismenn unna sér hvorki svefns né matar nú um stundir því að þeir eru svo uppteknir að ræða hvort það sé búhnykkur að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag eða láta það í friði.

Ef maður tekur háeff-þráhyggjuna út úr myndinni og setur heilbrigða skynsemi í staðinn þá er Ríkisútvarpið ekki rekið til að skila arði í krónum og aurum. Ef alþingismenn langar til að halda áfram í einkavæðingarvímuni væri nærtækara fyrir þá að breyta til dæmis utanríkisþjónustunni í hlutafélagagruppu, ICE Group og einstökum sendiráðum í dótturfyrirtæki. Glöggir rekstraradilar væru fljótir að koma auga á leiðir til að tvöfalda þjónustugildi og lækka kostnaðinn um helming og þyrfti ekki glögga aðila til að sjá spikið á þessum montrassi þjóðarinnar.

Það væri nær að alþingismenn ræddu hvernig losna mætti við hinn óklæðilega ofvöxt sem er hlaupinn í rumpinn á þjóðfélaginu áður en þeir ákveða að breyta mænunni í hlutafélag.

MÁNUDAGUR, 3. APRÍL

Bannað að heita Jóhannes?

Ákærandinn í Bausmalínu er skoaldeilis ekki á því að menn séu saklausir þótt dómstólar hafi ekki

við að sýkna þá eða vísa frá málum á hendur þeim. Hann er kominn á kreik eina ferðina enn og vill nú prófa hvort dómstólar séu ekki til í að hlusta á hans sjónarmið í 19 ákærunum í staðinn fyrir hina upphaflegu 31. Þetta finnst mannum trúlega riflegur afsláttur frá hinum upphaflegu kröfum og sem bónus er hann reiðubúinn að ákæra höfuðvitni sitt, sjálfan Sullenberger, og setja hann á sakamannabekk í þetta skiptið og gá hvort hann virkar trúverð-

ugri þeim megin við borðið.

Ofstopinn í þessum málarekstri er svo mikill að ég yrði ekki hissa þótt dómsmálaráðherrann heimaði að fá samþykkt lög um að í fyrsta lagi sé heimilt að sakfella alla þá sem kostað hefur meira en 50 milljónir að ákæra, í öðru lagi megi feðgar ekki reka lágvörverslanir og í þriðja lagi eigi allir sem heita Jóhannes eða Jón Ásgeir að bera virðingu fyrir yfirvöldunum.

ÞRIÐJUDAGUR, 4. APRÍL

Spilastokkur með tíu spilum

Í gær var „svartur mánudagur“ í Kauphöll Íslands. Kauphallarvísitalan féll.

Kauphallarviðskipti á Íslandi eru stórmærkilegt fyrirbæri. Í Kauphöllinni eru rúmlega tuttugu fyrirtæki. Allir sem stunda viðskipti kunna utan að nöfnin á þessum örfáu fyrirtækjum, þekkjja eða kannast við stjórnendur þeirra eða eru með þeim í foreldrafélagi, badminton, rótaríklúbba, golfi, hafa reynt sambúð eða eru giftir fyrrverandi mökum hvers annars og keyra stjúpörnin milli fyrirtækjanna um helgar.

Íslensk kauphöll með tuttugu fyrirtækjum! Þetta er eins og spilastokkur með tíu spilum, skákborð með fjórum reitum eða knattspyrna með einn í liði.

Engu að síður tókst útlendum grínurum að taka þennan samstæða hóp á taugum svo að viðskiptajöfrarnir seldu hver öðrum hlutabréfin sín á afslætti og keyptu í staðinn önnur hlutabréf á sama afslætti. Fóru svo heim og hringdu hver í annan og spurðu hvað hefði eiginlega gerst.

Í morgun virtust þeir vera búnir að jafna sig og tóku aftur til við að kaupa

og selja hver öðrum með smáálagningu til að vinna upp tapið frá í gær og með sama áframhaldi koma allir út á sléttu fyrir háttinn.

Vonandi hefur almenningur ekkert skaðast á þessu, og hafi einhver skaðast þá getur sá hinn sami sjálfum sér um kennt að vera svo vitlaus að hafa ætlað að fara að skemmta sér í lokuðu samkvæmi fyrir innviða og innmúrða innherja, frændur og vini.

Til samanburðar má geta þess að í Kauphöllinni í New York voru 2.768 fyrirtæki skráð árið 2004

Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



eða rúmlega 2.700 fleiri en í Kauphöll Íslands. Þar er hæpið að allir þekki alla. Sem sagt alvörubísniss.

MÍÐVIKUDAGUR, 5. APRÍL

Áfallahjálp – ekki blammeringar

Heyrði í kvöldfréttum að Óssur hefði verið að gera grín að utanríkisráðherra fyrir að vera eini maðurinn á landinu sem ekki var búinn að fatta að herinn væri að pakka niður. Það er nú kannski ekki smekklegt að vera með svona blammeringar á raunastund. Nær hefði verið að stjórnarandstaðan sýndi skilning á trega-

og sorgarviðbrögðum með því að bjóða áfallahjálp. Og þar fyrir utan er það ekki í verkahring íslenskra utanríkisráðherra að hafa vit á utan-

ríkismálum. Embættið er fyrst og fremst virðingarstaða sem sýnir að sá sem gegnir því er næstur í goggunarröðinni á eftir forsætisráðherranum.

Fór í bíó. Matador með Pierce Brosnan, fyrrverandi James Bond. Vídeómynd.

Assgoti er kalt og hvasst.

FIMMUDAGUR, 6. APRÍL

Lestrarfélag með Írónum?

Það verður ekki af Bandaríkjamönnum skafið að þeir eru rausnarlegir og mega ekkert aumt sjá. Nú hafa þeir gefið Íslendingum heilt bókasafn um varnarmál. Það var sendiherrann, Carol van Voorst, sem afhenti gjöfina við hátiðlega athöfn. Okkur skortir tilfinnanlega sérþekkingu á sviði varnarmála. Það staðfesti Geir Haarde utanríkisráðherra eftir síðustu viðræður við Bandaríkin um varnarmál, en hann hefði nú samt getað gauskað Fóstbræðrasögu að sendiherranum í staðinn.

Ef maður telur ekki með námskeið í sjálfsvarnar- og bardagaþróttum er Albert Jónsson eiginlega eini maðurinn þarna sem eitthvað hefur lagt sig eftir varnarmálum. Eitthvað hefur viðræðunefndinni þótt sá fróðleikur kominn til ára sinna úr því að nauðsynlegt þótti að senda þessar nýju bækur.

Svona bókaþjóf er ábyggilega verðmæt og ef ekki er hillupláss fyrir allar skræðurnar gæti öðlingurinn Bragi í Bókinni ábyggilega komið þeim í verð. Í Íran hafa menn til dæmis brennandi áhuga á varnarmálum um þessar mundir. Við gætum kannski boðið þeim að vera með okkur í lestrarfélagi?

Alla vega var þetta fallega gert af Bandaríkjamönnum. Þeir vita að við erum bókaþjóð.

„Penninn er máttugri en sverðið,“ sagði Shakespeare heitinn, en hann var barn síns tíma og náði ekki að kynnast þeim Rumsfeld og Bush.



VIÐ FELLSMÚLA

RAFVÖRU MARKAÐURINN

OPIÐ ALLA DAGA

laugard. 10:00 - 17:00

sunnud. 11:00 - 17:00

MÖGNUM RAFMAGNSVERKFAERI



990-

BORVÉL 500W



1280-

SLÍPIROKKUR 600W



2490-

FRÆSARI



4995-

BÚTSÖG 1300W



1680-

BÓNVÉL



5890-

HÖGGBOR/BROTVÉL 850W



2950-

HJÓLSÖG 1400W



995-

JUÐARI



2750-

SMERSEL



1390-

STINGSÖG 350W



2495-

HLEÐSLUBORVÉL 18V



2975-

STARTTÆKI



RAFSTÖÐVAR

800W 19900-

2200W 34900-

5500W 59500-



989-

LÓÐBYSSA Í TÖSKU



5850-

FLÍASÖG





Canon Eos 350D
Hans Petersen
79.980 kr.



Kodak EasyShare V530
Hans Petersen
23.980 kr.



Canon Mv 900
Hans Petersen
29.900 kr.



Evita Peroni hálsmen
ISIS
2.990 kr.



Fossil úr
Meba & Rhodium
9.200 kr.



Gjafaaskja og glaðningur
Body Shop
2.790 kr.



White Musk gjafaaskja
Body Shop
2.190 kr.



Gjafaaskja með snyrtitösku
Body Shop
4.950 kr.



Silvia sjónauki 8x20
Útilíf
3.990 kr.



Fossil úr
Meba & Rhodium
10.700 kr.



Promesse ilmvatn 50+5ml
Lyf og heilsa
3.362 kr.



High Peak Nordfolk tjald fyrir 3
Útilíf
8.990 kr.



High Peak Sherpa bakpoki
Útilíf
8.990 kr.



Babyliss hárklippisett í tösku
Byggt og búið
4.874 kr.



Fiskabúrs- eða arinhreyfimynd
(fyrir sjónvarp eða tölvu)
Byggt og búið
1.499 kr.

Þú færð gjöfina í Kringlunni


Í Kringlunni finnur þú fallegar og skemmtilegar fermingargjafir við allra hæfi, fötin og allt fyrir veisluna á einum stað. **Gjafakort Kringlunnar** er líka frábær fermingargjöf sem hittir alltaf í mark.

Opið til 18 í dag

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
Verlanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00



Evita Peroni armband
ISIS
2.990 kr.



Evita Peroni eyrnalokkar
ISIS
1.490 kr.



Perlufestar, margir litir
Hygea
1.200 kr.



Babyliss Beliss
(burkar, blæs og sléttir)
Byggt og búið
4.999 kr.



Afspilari fyrir iPod
Duka
TILBOÐ
29.900 kr.



Klukka sem gengur afturábak
Byggt og búið
4.321 kr.



Golfhermir fyrir PC og Playstation
Byggt og búið
19.995 kr.



Förðunarbox
Hygea
2.900 kr.



Babyliss sléttujárn Wet & Dry
Byggt og búið
3.599 kr.



Babyliss krullujárn Press & Curl
Byggt og búið
3.495 kr.



Vekjaraklukka
með kappakstursbílahljóði
Byggt og búið
2.250 kr.



Skartgripaskrín
Hygea
Frá 3.900 kr.

...allt í fermingarpakkann!

Þú gætir unnið fartölvu!

Allir sem kaupa fermingargjöf í Kringlunni gætu unnið páskaegg frá Nóa Sírusi eða glæsilega Toshiba fartölvu frá BT!

Þú tekur þátt í leiknum við lukkukassann á 1. hæð.



Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

“UMMÆLI VIKUNNAR”

„En ég fagna því að háttvirtur þingmaður Reykjavíkur norður skuli vera farinn að sjá að það var mikið vit í mínum gömlu ræðum og þess vegna hef ég verið að framkvæma mínar gömlu ræður.“

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra svarar Össuri Skarphéðinssyni þingmanni í umræðum um þorskind síðastliðinn fimmtudag.

stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

Úr bakherberginu...

Fjárhagsáhyggjur

Bölsýnistón er í spámönnum um búskap þjóðarinnar á næstu misserum. Þeir telja að verðbólga haldist fyrir ofan rauð strík Seðlabankans og valdi upplausn á vinnumarkaði. Svo eru þeir til sem telja að verðbólga sé ekki rétt mæld og aðgerðir gegn henni þar að auki rangar. Einn þeirra er Friðrik Jónsson, sérfræðingur í alþjóðaviðskiptum, en hann ritaði grein um málið í Fréttablaðið síðastliðinn miðvikudag. Friðrik telur í fyrsta lagi ótækt að beitt sé öðrum aðferðum við að mæla verðbólgu hér á landi en annars staðar á tímum alþjóðavæðingar og frjáls flæðis fjármagns milli landa. Í annan stað telur Friðrik að himinháir vextir – og stöðugt hækkandi – valdi óheyrlægum vaxtamun gagnvart útlöndum og gríðarlegu innstreymi erlends fjármagns í formi skuldabréfaútgáfu erlendra aðila í íslenskum krónum. „Er hún (verðbólga) til komin vegna Kárahnjúka, eða vegna hávaxtafestu Seðlabankans?... Getur verið að gifurlegur viðskiptahalli undanfarnir ár skýrist af hávaxtafestu Seðlabankans?“ Og Friðrik spyr í lokin: „Hár vaxtakostnaður hlýtur á endanum að velta út í verðlagið. Snýst þar með hávaxtafesta Seðlabankans upp í andhverfu sína og ýtir undir verðbólgu í stað þess að draga úr henni?“

Þetta hljómar næstum því eins og Einar Oddur Kristjánsson hefði spurt.

Ágreiningur

Snemma vetrar þóttust menn sjá nokkur þreymmerki á ríkisstjórninni eftir næri ellefu ára sambúð Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Geir Haarde ræddi um einkavæðingu Landsvirkjunar. Framsóknarmenn tóku því fálega. Sjálfstæðismenn réru því öllum árum að breyta lúðalánasjóði í heildsölibanka eða einkavæða hann. Framsóknarmenn steyttu hnefa. Halldór Ásgrímsson gaf Bandaríkjamönnum langt nef á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins í nóvember. Sjálfstæðismenn fyldu grön.



Valgerður Sverrisdóttir boðaði sameiningu atvinnuþróunar- og byggðastofnana. Sjálfstæðismenn flegðu glertauinu í gólfíð í bræði sinni. Geir Haarde setti fram hugmynd um að einkavæða rekstur Keflavíkurflugvallar. Magnús Stefánsson sté á Framsóknarbremsum. Fylgi Sjálfstæðisflokksins er í lagi og hann þarf ekki andlitslyftingu. Fylgi Framsóknarflokksins er í rúst. Flokkurinn þarf brátt „vinsælar“ aðgerðir. Þetta er uppskrift að spennu. Nú síðast heyrst að Guðni Ágústsson, varamformaður Framsóknarflokksins, ætli að setjast í síðasta fjármálavagi flokksins, lúðalánasjóð, og gefi það hvorki Sjálfstæðisflokknum né Halldóri eftir. Fyrir en í fulla hnefana.

VIKA Í PÓLÍTÍK

JÓHANN HAUKSSON

Stjarft stjórnkerfi fiskveiða



Þegar kvótakerfið hefur verið við lýði í liðlega tuttugu ár er bert að á því eru verulegir ágallar vegna innri spennu og mótsagna fiskifræðilegra og rekstrarlegra markmiða sjávarútvegsfyrirtækjanna, sem náðu endanlega yfirhöndinni þá er bankarnir töldu óveiddan fisk í sjó veðhafan.

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, orðaði þetta svo í umræðum á þingi síðastliðinn fimmtudag: „Við megum ekki gleyma því að kvótakerfið var upphaflega ekki sett upp fyrir bankana eða fjármálalíf heldur til að vernda fiskstofna... Núna búum við við einhvern stærsta ýsustofn sem hefur fram komið og það kemur fram í skýrslunni að holdafar ýsunnar er ákaflega rýrt. Það er vegna þess að það er ekki nægileg fæða... Hvers vegna íhugar sjávarútvegsráðherra ekki að gefa ýsveiðar frjálssar? Það er vegna þess að það mundi veikja undirstöður lánveitinga til útgerðarinnar. Það mundi hugsanlega veikja undirstöður bankakerfisins. Nú er svo komið að fjármálalíf og bankarnir eru farnir að

stjórna fiskveiðunum. Það er ekki staða stofnana sem ræður því hvaða ákvarðanir við tökum heldur hagsmunir bankanna.“

Einar K. Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra er nokkur vorkunn við þessar aðstæður. Hann þekkir þessa spennu milli kvótakerfisins og fiskifræðinnar og hefur oft bent á stjarfann í fiskveiðistjórnuninni sem stafar af kæfandi viðskiptahagsmunum útgerðanna sem jafnvel þagga niður frjó sjónarmið innan Hafrannsóknastofnunarinnar. Sjávarútvegsráðherra hefur þrátt fyrir allt bannað loðnuveiðar í flotvörpu og hugar að aukinni stýringu á notkun veiðarfæra. En svo mikið er víst, að jafvel þótt Össur hefði öldungis rétt fyrir sér um að rétt viðbrögð fiskifræðinnar við stórum og útbreiddum ýsustofni í lélegum holdum væri að gefa veiðarnar frjálssar um tíma, þá leggja hagsmunir kvótaviðskiptanna sína dauðu hönd yfir slík sjónarmið.

En fiskifræðileg þekking er einnig ófullkomin eins og Magnús Þór Hafsteinnsson, Frjálslynda flokknum, benti á í umræðunum á þingi í vikunni: „Þessir menn hafa hegðað sér herna í mörg ár eins og guðir, telja sig vita hve margir fiskar eru í sjónum. Telja sig geta stjórnað þessu alveg upp á há. En þetta eru menn sem ráða ekki einu sinni við að slökkva sinuelda vestur á Mýrum. Hvernig í ósköpunum dettur þeim þá í hug að þeir ráði við það upp á há hvernig eigi að byggja upp þorsstofninn eða ýsustofninn?“

Veðjað enn á Bandaríkjamenn

Línur eru ögn farnar að skýrast um framtíð landvarna á Íslandi. Ljóst er að stjórnarflokkarnir og Samfylkingin vilja halda í varnarsamninginn frá 1951. Jafn ljós er sú staðreynd að bandarískar herþotur verða ekki hér á landi í framtíðinni.

Ef draga ætti saman það sem fram hefur komið um stöðuna í varnarmálum þjóðarinnar liggja eftirfarandi atriði fyrir.

Í fyrsta lagi er enn samstaða að minnsta kosti hjá stjórnarflokkunum og Samfylkingunni um gömlu grundvallaratriðin; að byggja framtíð varnarmálanna á aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningi Bandaríkjanna og Íslands frá 1951.

Í öðru lagi er ljóst að ekki stendur til boða að Bandaríkjaher staðsetji áfram hergögn hér á landi til varna. Líklegt má telja að til boða standi að annast loftvarnir frá herstöð í Skotlandi.

Í þriðja lagi er á vegum bandarísku samninganefndarinnar unnið að gerð varnaráætlunar fyrir Ísland. Fullbúin á áætlunin að segja til um hvernig Bandaríkjamenn geti áfram annast varnir landsins þó svo að varnarliðið hverfi af landi brott og herstöðin á Keflavíkurflugvelli verði í reynd lögð niður. Niðurstöðu er að vænta innan nokkurra vikna.

Myndin skýrist

Þetta er þó ekki ágreiningslaust eins og fram kom í ítarlegum umræðum um skýrslu Geirs H. Haarde utanríkisráðherra á Alþingi á fimmtudag. Og þótt utanríkisráðherra telji varhugavert að segja upp tvíhliða varnarsamningi sem haldið hefur í áratugi hefur Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra gefið fyllilega til kynna að horfa megi til Evrópu og samvinnu NATO-ríkjanna þar. Óraunhæft er að horfa til Evrópusambandsins í þessum efnum enda hefur það ekkert miðstýrt skipulag eða tilgang í hernaðarlegu tilliti hvað svo sem síðar kann að verða.

Jónínunefndin vill efla háskóla- og kennsluhlutverk Landspítala - háskólasjúkrahúss og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Hún vill að Landspítali - háskólasjúkrahús verði skilgreint sem háskóla-

sjúkrahús og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem kennslusjúkrahús landsmanna. Kostnaðurinn sem þetta hefði í för með sér verði skilgreindur sérstaklega. Stjórnendur á heilbrigðisstofnunum verði ráðnir tímabundið til allt að fimm ára í senn. Sjúkrahúsin fái heimild til að eiga hlut í sprotafyrirtækjum á grundvelli vísindarannsókna sem hafi verið unnar á sjúkrahúsum.

Fjármögnun sjúkrahússpjón-



FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI Lagt er til að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri verði svæðissjúkrahús fyrir Norðurland og hluta Austurlands auk þess sem það verði kennslusjúkrahús. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

SJÚKRAHÚS OG ÍBÚAFJÖLDI EFTIR LANDSVÆÐUM 2005

Svæði	Sjúkrahús	Íbúafjöldi	Hlutfall 65+
Höfuðborgarsvæði	LSH	187.105	11,6
Suðurnes	Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum	17.899	9,5
Vesturland og Strandir	Heilbrigðisstofnunin Akranesi	15.351	11,9
Vestfirðir	Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ	7.058	12,8
Norðurland vestra	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	8.878	14,9
Norðurland eystra	FSA, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	27.000	12,9
Austurland	Heilbrigðisstofnun Austurlands	13.710	10,8
Suðurland	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	18.228	12,3
Vestmannaeyjar	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	4.175	10,7

ustunnar verði breytt í áföngum. Greiðslur verði að hluta til í formi fastra fjárveitinga, að hluta til verktengdar og tengdar gæðum. Hlutfall verktengdra greiðslna þarf að hvetja til aukinna afkasta og skilvirkni.

Greiðslufyrirkomulag ferliverka verði samræmt og komið á samræmdu skráningar- og framleiðslumælikerfi vegna sömu þjónustu innan og utan sjúkrahúsa. Öll ferli verði kostnaðargreind og skráð á ferliverkalista.

Nefndin leggur einnig til að samningar um kaup á opinberri heilbrigðisþjónustu verði á einni hendi innan stjórnýslunnar. Skilgreindur verði einn kaupandi á öllu landinu sem hafi yfirsýn, geti metið kosti og valið á milli þeirra kosta sem standa til boða, hvort sem um bein viðskipti er að ræða, útboð eða eitthvað annað. Samhliða þessu verði hlutverk kaupanda skilið frá hlutverki seljanda.

Þverfagleg ráðgjafarnefnd verði sett á fót. Hún meti beiðnir um kaup á nýjum verkum og aðferðum í heilbrigðisþjónustu og veiti ráðgjöf um hvað falli undir opinbera tryggingavernd.

Jónínunefndin leggur einnig til að þjónustugjöld sjúklinga verði endurskoðuð, samræmd og forsendur þeirra skilgreindar. Þess verði gætt að þjónustugjöld hindri ekki að sjúklingur geti leitað eftir nauðsynlegri þjónustu.

Nefndin hvetur til umræðu um hvernig eigi að bregðast við vaxandi fjárförf, hvort auka eigi fjárveitingar ríkisins, hækka þjónustugjöld sjúklinga og rætt verði hvort og þá að hvaða marki skuli heimila einstaklingum að greiða meira en sem almennum sjúklingshlut nemur til að flýta þjónustu eða fá viðbótarþjónustu svo að það helsta sé nefnt.

Þá leggur nefndin til ýmislegt til að bæta samskipti og samvinnu aðila í heilbrigðisþjónustu, þar á meðal að fjármunum verði veitt til uppbyggingar rafrænnar sjúkrahússkrár, metið verði fyrrsjanleg áhrif þróunarinnar innan ESB á íslenska heilbrigðisþjónustu og gerðar tillögur um hvernig best verði staðið að aðlögun auk þess sem vinna þurfi greinargerð um tilhögun sjúkratryggingaverndar og fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu í nágrannalöndum.



LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS Lagt er til að Landspítali - háskólasjúkrahús verði skilgreint sem svæðissjúkrahús fyrir megnið af landinu auk þess að vera háskólasjúkrahús.

„Dýnamík“ í heilbrigðiskerfið

Jónínunefndin hvetur til umræðu um það hvernig eigi að mæta vaxandi fjárförf í heilbrigðiskerfinu án þess að hagsmunir hinna efnaminni séu fyrir borð bornir. Jónína Bjartmarz alþingismaður leiddi starf nefndarinnar og hún segir að vegvísirinn hafi verið sá að tryggja jafnræði sjúklinga og að þeir efnaminni hefðu jafnan aðgang og hinir.

„Eftirspurnin eftir heilbrigðisþjónustu er alls staðar í hinum vestræna heimi meiri en hægt er að greiða fyrir með þeim fjármunum sem ríkisvaldið veitir til þjónustunnar. Mikið frambóð er á þjónustu sem lækna og aðrir bjóða og svo kemur stöðugt fram ný þekking, tækni og rannsóknir fyrir utan hækkandi aldur og aukningu lífsstíllssjúkdóma eins og offitu,“ segir Jónína.

Viss forspá

Nefndin horfir til framtíðar í skýrslu sinni og telur að fjárförfin sé mikil og fari vaxandi fremur en hitt. Það er því hvatt til þess að rætt verði hvernig eigi að mæta henni, hvort það eigi að gera með til dæmis hærri fram-lögum ríkisins til heilbrigðiskerfisins eða þjónustugjöldum eða hvort gefa eigi þeim efnameiri kost á að greiða meira eða fullt verð án þess að það komi niður á þeim efnaminni.

„Þarna er spurning um hvar þættir eins og aukin fjárförf, almannatryggingar og sá hluti sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða eiga að mætast,“ segir Jónína og bendir á að því minna sem ríkið sé tilbúið til að greiða á fjárlögum, þeim mun stærri hluti af heilbrigðisþjónustunni lendi fyrir utan almannatryggingar. Hún nefnir hjartalækna sem dæmi og segir að ekki hafi verið vilji til þess hjá hinu opinbera að mæta kröfum þeirra um kaup á fleiri verkeiningum og því hafi þeir farið af samningi um greiðslubátttöku ríkisins. Í tillögum nefndarinnar hafi falist viss forspá um að sú staða gæti komið upp að hér væri tvöfalt kerfi.

„Við leggjum til að það sé sjálfstæð nefnd eða lítil stofnun, þverfaglega skipuð, sem hefði það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld. Hún ætti að meta beiðnir lækna og heilbrigðisstarfsmanna um kaup á verkum eða nýjum aðferðum og þar lægi alltaf til grundvallar ákveðin þarfagreining og að heilsupólítískar og faglegar forsendur lægju til grundvallar ákvörðunum um það sem keypt er.“

Jónína segir að nefndinni hafi verið falið að horfa á framtíðarhlutverk Landspítala - háskóla-sjúkrahúss, LSH, og Fjórðungs-sjúkrahússins á Akureyri, FSA, og ákveða hvert hlutverk þessara stofnana ætti að vera, hvernig verkum yrði skipt milli þeirra annars vegar og lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna í einkarekstri hins vegar. Nefndin hafi fengið leyfi ráðherra til að horfa á þetta mál frá víðu sjónarhorni og skoða þá þætti sem gætu byggt undir þessar tvær sjúkrastofnanir, afmarkað hlutverk þeirra og styrkt þær í sessi, bæði þjónustu þeirra og háskóla- og kennsluhlutverkið sem þær hefðu og fengju samkvæmt skýrslunni.

Einn kaupandi hefði yfirsýn

„Við vildum að þetta væri „dýnamískt“ kerfi. Við lögðum til að stofna þverfaglega nefnd og lögðum áherslu á að það væri einn kaupandi heilbrigðisþjónustu sem hefði yfirsýn og gæti tryggt hámarks hagkvæmni og gæði í þjónustu með samningum eða útboðum. Þannig væri „dýnamík“ í þessu. Þennan eina kaupanda þyrfti svo skilja frá seljanda og veitanda þjónustunnar. Þetta finnst mér veigamest í skýrslunni,“ segir hún.

Jónínunefndin skoðar fjármögnun sjúkrahúsanna ítarlega.

Nefndin vill að hluti fjármögnunar sjúkrahúsanna verði verk- og gæðatengdur þannig að kaupandi þjónustunnar, það er ríkið, geti valið milli þess hvort verkum verði beint inn á sjúkrahúsin eða inn í einkareksturinn og tekið afstöðu til þess hvort verkin eru boðin út eða hvort um bein viðskipti verði að ræða.

„Þannig vildum við tryggja „dýnamíkina“. Svo er ég líka ánægð með ýmsar ábendingar sem koma fram, til dæmis um að koma á fót rafrænni sjúkraskrá. Það er spurning um skilvirkni í heilbrigðiskerfinu og getur til dæmis komið í veg fyrir tvíverknað en það ógnar öryggi

sjúklinga þegar öllum heilsufarsupplýsingum er ekki haldið saman eða eru ekki aðgengilegar. Svo bentum við á að það valið milli þess hvort verkum verði beint inn á sjúkrahúsin eða þau yrðu gagnsæg og að tiltekin ferliverkaþjónusta kostaði það sama úti í bæ eða á sjúkrahúsi en við erum ekki að leggja til að lega á sjúkrahúsi hætti að vera gjaldfrjál.“

Rafræn sjúkraskrá gefur sparnað

Strax er hægt að byrja að vinna að tillögnum, að mati Jónínu, því að tillögurnar fela ekki í sér aukin útgjöld nema þá hin rafræna sjúkraskrá, en talið er að stofn-



kostnaður vegna hennar geti numið tveimur milljörðum króna. Á móti hefur verið bent á að 850 milljónir króna sparist á ári þegar hún verði að fullu komin í gagn. Þar er um beinan fjárhagslegan sparnað að ræða.

Framtíðarsýn nefndarinnar er sú að rafræn samtengd sjúkraskrá nái yfir landið allt. Þessa sjúkraskrá er hægt að byggja upp smám saman innan sjúkrahúsanna og víkka síðan út þannig að hún nái til heilsugæslustöðvanna og heilbrigðisstarfsmanna í einkarekstri. Jónína telur að það kalli á lagabreytingar að tengja sjúkraskrárnar saman.

- ghs

 Breyting frá Arctic Trucks

Rúmgóður og áreiðanlegur vinnubjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

Líttu inn og sjáðu alvöru jeppa!

Verðið á Nissan Patrol er frá **4.170.000 kr.**

Ingvar Helgason		Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is		Opíð: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00		
Umboðsmenn um land allt	Selfossi 482 3100	Njarðvík 421 8808	Akranesi 431 1376	Höfn í Hornafirði 478 1990	Reyðarfirði 474 1453	Akureyri 461 2960



30% Afsláttur
 SS hamborgarhryggur
 989 kr./kg.



25% Afsláttur
 Gourmet rauðvinslegið lambalæri
 1.406 kr./kg.



30% Afsláttur
 SS helgasteikur rauðvinsl. / Grand Orange
 1.168 kr./kg.



Búkonu reyktur/grafin lax
998
 kr./kg.



21 FYRIR
 MS SKAFIS 1 L
 3 TEG.



40% Afsláttur
 Goða Bayonneskinka
 953 kr./kg.



Carr's kek Table Water
75
 kr./pk.



MS Ísblóm 2 teg.
189
 kr./pk.



Rjómaostur 3 tegundir
99
 kr./stk.

Meira úrval



Egils appelsín 2 L
158
 kr./stk.



Egils malt 0,5 L
79
 kr./stk.



Egils páskaöl 0,5 L
69
 kr./stk.

DVD DISK FYRIR
 Coke 4 DVD disk



Jardaber 250g box
175
 kr./stk.



Spergilkál
199
 kr./kg.



Sætar kartöflur
199
 kr./kg.

KRONAN

VIRK SAMKEPPNI

Virk Sam-
keppni

George Foreman



25% Afsláttur
Gourmet ungnautafille
2.549 kr./kg.



BIG

Big George Foreman Grill
5.995 kr./stk.
Verð áður 8.995 kr.



NÝTT STÆRRA
OG GLÆSILEGRA
GRILL



700-1300 g
LUNDIR

2.899 kr./kg.
Nautalundir frá Nýja Sjálandi



Oscar 9 teg. súpu- og sósukraftar
Verð frá:
158 kr./stk.

Ferðatöskuset 3 töskur saman
6.997 kr./pk.



2 L fylgir



PÁSKAEGG
Á FRÁBÆRU
VERÐI

Rósakál 500g
128 kr./pk.

PÁSKASKRAUT
KERTI OG
SERVÉTTUR
Í ÚRVALI

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ



GILBERT BIBERIAN TÓNSKÁLD OG GÍTARLEIKARI Hver veit nema Gilbert setji einn íslenskan múrstein í menningarbrúna sem tengir saman austrið og vestríð. Hann segir Vesturlandabúa hafa gott af því að gefa sig á vald lífsins lystisemda sem er heimspékin bak við austurlenska tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kennari Stones brúar bilið milli austurs og vesturs

Tónskáldið og gítarleikarinn **Gilbert Biberian** tekst á við fjölþjóðlegar rætur sínar í tónlistarsköpun sinni og -flutningi en Íslendingar fengu að njóta afurðanna á tónleikum í Dómkirkjunni síðasta sunnudag. Brian Jones og Keith Richards nutu leiðsagnar hans en Gilbert er þó ekki viss um að þeir hafi verið í ástandi til að meðtaka það sem fyrir þá var lagt.

Það þótti ekki þá fátt að vera að blanda saman austurlenskri og vestrænni tónlist þegar ég var að feta mín fyrstu spor á tónlistarbrautinni,“ segir Gilbert en hann er af grísku, tyrknesku, armensku og barbadósku bergi brotinn en flutti til Englands fimmtán ára að aldri. „Ég var því gagnrýndur harkalega fyrir það að blanda saman austurlenskri og vestrænni tónlist sem hinir hámenntuðu tónlistarmenn sögðu ekki eiga neina samleið. En ég gat ekki snúið baki við því hver ég var og hélt ótraudur áfram. Ég tók þá ákvörðun að nýta mér þennan bakgrunn minn frekar en að snúa baki við honum og það eflði mig sem tónskáld og sem persónu. Mér finnst ég vera heilsteyptari maður fyrir vikið.“

Það er því um auðugan garð að gresja því hann er alinn upp við gríska, tyrkneska, armenska, spænska og klassíska evrópska tónlist.

Að drekka, dansa og njóta ástar
En að hvaða leyti er austurlensk tónlist ólík þeirri vestrænu? „Það er aðallega heimspékin þarna á bakvið og hún endurspeglar í þessum fjölmörgu ryþmum sem fyrirfinnast í austurlenskri tónlist. Vestrænir tónlistarmenn eiga margir hverjir í miklum vandræðum með að meðtaka þessa ryþma. Mér líður eins og ég sé eilífur þegar ég leik þessa tónlist, svo að tíminn skiptir ekki máli. Í grískri tónlist, en þó Grikkland

teljist ekki til Austurlanda byggir tónlistarhefðin þar á austurlenskri hefð, endurspeglar þetta viðhorf Grikkja að njóta lífsins, gefa sig á vald lystisemda lífsins. Að drekka, dansa og njóta ásta. Það er erfitt að lýsa þessu með orðum en það er hins vegar ósk mín að áheyrendur upplifi þetta sem ég er að reyna að koma í orð.“

Gilbert heldur ekki aftur af sér þegar hann ræðir um tónlistina og kemst allur á flug eins og krakki í leikfangalandi.

Hjartað valdi veginn

Þessi fágæði gleðimaður tekur leiðsögn hjartans fram yfir skynsamlegar vangaveltur. Þessi afstaða hefur markað líf hans og leitt hann inn á braut sem ekki virtist hagkvæmust. „Ég man það eins og það hefði gerst í gær,“ segir hann með þungri áherslu. „Ég var fjögurra ára og foreldrar mínir settu óperu eftir Puccini á fóninn. Ég rétt náði upp á stofuborð og ríghélt mér í það meðan gæsa húðin fór um bakið á mér því ég var svo heillaður af þessari tónlist. Seinna, þegar ég var ellefu ára varð ég fyrir svipaðri upplifun þegar ég heyrdi kirkjutónlist frá grísku rétttrúnaðarkirkjunni og þar með voru örlögin ráðin; þetta gat ekki farið öðruvísi en ég gæfi mig tónlistinni á vald. Það var kannski ekki skynsamlegt af ungum innflytjanda frá Tyrklandi að ætla sér inn á tón-

listarbrautina í Englandi en þetta hefur farið vel þrátt fyrir ýmiss konar mótlæti í byrjun.“

Með Keith Richards og Brian Jones í kennslustund

En þegar Gilbert var blankur nemandi þurfti hann oft að gera meira en það sem hjartað bauð. Þá tók hann að sér að kenna á gítar en nemendur hans voru ekki af verri endanum. „Árið 1966 var einn félagi minn að kenna Mick Jagger á munnhörpu. Mick sagði að gítarleikarar hljómsveitarinnar, þeir Keith Richards og Brian Jones, vildu fá frekari leiðsögn í gítar-

leik og kennari hans benti þeim á mig. Ég var þá kallaður heim til þeirra og það var ekkert slor. Þetta var eins og að ganga inn í paradís, litskrúðugt skraut um alla veggi og heilt haf af léttklæddum meyjum að reykja einhvern fjárann. Nemendurnir voru þó heldur rislágir enda orðnir skakkir af öllum reykingunum. Ég held því að þeir hafi ekki meðtekið mikið af því sem ég var að leggja fyrir þá. Ég held í rauninni að þeir hafi ekki verið á staðnum heldur einhvers staðar í upphæðum,“ segir Gilbert og hlær. „Kannski var það þess vegna sem þeir voru svo lengi að



KEITH RICHARDS Hver veit nema gítarleikari Rolling Stones sé þarna að leika kúnstir sem hann lærði í kennslustundinni hjá Gilberti. Reyndar var Keith hálf illa á sig kominn þá líkt og samnemandi hans Brian heitinn Jones. NORDIC PHOTOS/AFP



FRÁ ISTANBÚL Gilbert ólst upp í Istanbul en var þó útlendingur þar líkt og í Leeds í Englandi en þangað flutti hann 15 ára að aldri. Fjölmörg þjóðarbrót byggja Miklagarð en svo nefndu forfedur okkar þessa borg. NORDIC PHOTOS/AFP

borga mér en það tók mig vikur að fá kennslustundina greidda.“ Gilberti þykir ekkert sérlega mikið til þessarar kennslustundar koma og sá engin merki þess á tónsmíðum eða flutningi hljómsveitarinnar að þeir hefðu lært nokkuð af honum.

Íslenskan múrstein í menningarbrúna

Gilbert hefur ekki áður komið hingað til lands en hann kynntist Íslandi í gegnum vin sinn Ingólf Margeirsson sem hann kynntist í Englandi. „Ég sé það og skynja á Ingólfi að það er greinilega margt líkt með Íslendingum og Grikkjum. Mér sýnist Íslendingar ekki vera að stressa sig um of á hlutunum en lifa fyrir lífsins lystisemdir og láta þar af leiðandi hverjum degi nægja sína þjáningu. Ekki svo að þetta sé gert af værukærð heldur standa menn sína plikt og halda sínum gildum eins og tryggð og hugrekki.“

En hverju vildi hsn miðla til tónleikagesta? „Ég vonast til að gefa áheyrendum nasasjón af þessum fjölþjóða bakgrunni mínum. Ævistarf mitt er að leita uppi alla þræði í uppruna mínum og hnýta þá við það sem ég er. En um leið og ég geri það er ég að byggja brúa milli austurs og vesturs og tengja þessa tvo menningarheima. Ég er í raun brúarsmiður og hver veit nema Ísland verði einn múrsteinninn enn í þessa brú.“

Ostar og blóð í Kling & Bang

Franski myndlistarmaðurinn Serge Comte er í góðum félagskap á myndlistarsýningu sinni í gallerí Kling & Bang við Laugaveg, listteymið Mac n' Cheese er sagt hafa neytt hann til samlags við sig á mjög lúmskan og skipulagðan hátt.

Listamaðurinn sjálfur segist samt hafa fengið þær stóllur Andreu Maack og Unni Mjöll S. Leifsdóttur til samstarfs því þær séu góðir listamenn. Honum finnst spennandi að vinna sýningar með öðrum og vill gefa nýjum listamönnum tækifæri til að sýna því það sé erfitt að komast af stað.

Á sýningunni gefur að líta stórar andlitsmyndir af listakönunum sem Comte hefur unnið af alúð með límíðum. „Þetta eru límíðar sem notaðir eru til að merkja verk á listasýningum, svona punktar sem eru settir við verk sem er búið að selja,“ útskýrir Comte. Andlitsmyndirnar eru á efri hæð gallerisins en í kjallaranum sýna þær stóllur eigin verk. „Andrea Maack er að vinna með hluti sem líta út eins og vopn og sýnir ostahníf, sem er meira eins og sveðja – frekar stór og hættulegur,“ segir Comte. Unnur Mjöll hefur hins vegar

innlimað listamanninn franska inn í sína list því hún hefur gert nákvæma eftirmynd af hægri hendi hans, úr osti. „Þetta er svona ofurraunsæi því höndin er mjög lík og þetta er auðvitað höndin sem ég notaði til að gera verkið af þeim líka.“ Það fer vel um höndina á þar til gerðu slátraráborði sem síðan er skreytt blóðperlum úr kunnuglegu vaxi sem vanalega er notað til að verja ostastykki.

Sýningin opnar í dag kl. 17, en gallerí Kling & Bang er opið frá 14-18, frá fimmtudegi til sunnudags.



LISTAMENNIRNIR SERGE COMTE, ANDREA MAACK OG UNNUR MJÖLL S. LEIFSDÓTTIR Væðverkun hugmynda í spennandi samstarfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



KÍNA Saga tískuvikunnar í Kína er ekki löng en þrátt fyrir það var margt klæðilegt að sjá á tiskupóllunum.

Kínversk tíska

Tískuvikunni í Kína lauk nýverið en þær hafa ekki verið margar haldnar þar í landi enda allt sem minnti á tísku kæft í fæðingu á tímum kommúnistanna. Aðeins eru tveir áratugir síðan Vesturlandtískan fór að blómstra í Kína. Kínverjar framleiða mest allra þjóða af vefnaðarvöru.

Af nógu var að taka á tiskuvikunni en þar mátti sjá blöðrupils, axlabönd, pokaleg snið og trefla í ýmsum litum. Einnig tók einn hönnuðurinn skíðatískuna alveg fyrir og hannaði heila línu sem myndi sóma sér vel uppi í fjalli.



SKÍÐASTÍLL Frábær bleik úlpa sem myndi sóma sér vel í brekkunum.



BLÖÐRUPILS Glæsileg hönnun frá Kína.



Komdu við í næstu verslun Pennans og mátaðu nýju, ódýru skrifborðsstólana!

Mjög ódýrir skrifborðsstólar sem smellpassa á heimaskrifstofuna!

Penninn býður nú þessa ódýru skrifborðsstóla sem henta ve! á heimaskrifstofuna. Þá er hægt að fá með svörtu, bíáu, eða rauðu ák!æði.

Við bjóðum S102 skrifborðsstólinn á sérstöku kynningarverði eða aðeins 5.900 kr. sem er 25% afs!áttur frá réttu verði en kostar annars á fu!lu verði 7.900 kr.

T104 skrifborðsstólinn kostar á fu!lu verði 10.550 kr. en á kynningarverði aðeins 7.900 kr. sem er 25% afs!áttur!

Ath! 2ja ára ábyrgð.

PENNINN

Hallarmúla Reykjavík, sími 540 2000 • Hafnarstræti 91-93, Akureyri, sími 461 5050


Verslanir Pennans: • Akranesi • Akureyri • Hafnarfirði • Ísafirði • Keflavík • Kópavogi • Reykjavík • Selfossi • Vestmannaeyjum

**Opnum
nýja Verslun**

Opnunar Ögurhvarf við



Verið velkomin!!!
glæsileg opnunartilboð



2.990

Innimálning

Jotun, gljástig 7, beinhvít, ódýr
plastmálning á herb. og stofuna
7119800



70%
afsláttur

395
~~1.295~~

Malarskófla

5082502



2.995
~~5.495~~

Hjólsög HKS 210

DWT, 1600W, 210 mm x 30 blað
5245292



Átta til níu....

OPIÐ VIRKA DAGA

8-21

LAUGARDAGA

9-18

SUNNUDAGA

10-18

hátíð

Breiðholtsbraut

Frír ís
frá Emmess ís
kl 14

Fríar
pylsur og gos
frá 14-16



890

Pallaolía

Jotun, 3 ltr.
7049123/33/37



70%
afsláttur

199
~~695~~

Hamar

16 OZ
5003069



1.995
~~3.995~~

Áltrappa

4 þrepa
5079090



995
~~2.495~~

Verkfæratöskur

2 saman, 12,5" og 19"
5024489



50%
afsláttur

995
~~1.995~~

Gráðusög

NX9014
5618701



70%
afsláttur

Hilluuglur og uppistöður

Ýmsar stærðir
580463536/38, 5804640-43



5.990
~~9.990~~

Örbylgjuofn

20 ltr. 800-1000W, grill
1840896



4.990
~~7.990~~

Ryksuga

Bomann, 1900W
1840887



2.900
~~5.900~~

Blöndunartæki

Damixa Space,
með lyftitappa
8000800

**Gildir laugardag til sunnudags
aðeins í verslun Húsasmiðjunnar
Ögurhvarfi við Breiðholtsbraut**



HÚSASMÍÐJAN

...ekkert mál

HELGARTILBOÐ Í SKÍFUNNI



1.799kr.

Mammút – Mammút



1.799kr.

Flaming Lips – At War With The Mystics



1.799kr.

Yeah Yeah Yeahs – Show your bones



DVD
CD

1.999kr.

Pink - I'm Not Dead



1.799kr.

Kelly Clarkson – Breakaway



1.799kr.

Jack Johnson – In Between Dreams



1.799kr.

Andrea Bocelli – Amore



1.799kr.

Katherine Jenkins – Living a Dream



1.799kr.

Morrissey - Ringleader Of The Tormentors

MESTA ÚRVALÐ ER Í SKÍFUNNI
YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM



skemmtir þér ;)

Frank Zappa fyrir nýja kynslóð

Frank Zappa er af mörgum talinn vera einn áhrifamesti tónlistarmaður seinni tíma. Hann var óhræddur við að gera allskyns tilraunir og nú ætlar sonur hans að halda minningu hans á lofti. Freyr Gígja Gunnarsson ræddi við Dweezil Zappa.

Frank Zappa fór sínar eigin leiðir í öllu því sem hann tók sér fyrir hendur. Sagan segir að þegar Dweezil fæddist hafi Zappa imprað á þessu nafni. Starfsfólkið á sjúkrahúsinu neitadi hins vegar að setja það á fæðingavottorðið og því var drengurinn látinn heita Ian Donald Calvin Euclid Zappa í höfuðið á öllum hljómsveitarmeðlimunum í sveit Zappa. Þegar strákurinn óx úr grasi breytti hann nafninu aftur í Dweezil en tain á konu Franks ber einnig það nafn.

Gömul hugmynd verður veruleika
„Zappa plays Zappa“ er hugmynd sem hefur verið lengi í kollinum á Dweezil en þeir sem hann vildi fá til að taka þátt voru uppteknir við önnur störf. Þessi langþráði draumur er loksins orðinn að veruleika og nú ferðast Dweezil um

heiminn og spilar tónlist föður síns. „Áskorunin var að læra tónlistina og spila hana samkvæmt þeim gæðastöðlum sem Frank krafðist,“ útskýrir Dweezil. „Ég vildi skilja hvernig hann samdi lögin,“ bætir hann við.

Dweezil segir að smáatriðin hafi skipt föður sinn miklu máli og þeir sem hafi hingað til reynt sig við tónlist Franks hafi of oft gert sig seka um að missa sjónar af henni. „Vissulega geta tónlistarmenn spilað lög eftir hann en þá skortir skilninginn á þeirri sníld sem bjó að baki lagasmíðunum,“ segir hann. „Hún var fólgin í því hvernig hann útsetti lögin sín,“ heldur Dweezil áfram. „Frank skrifaði tónlistina sína eins og klassískt tónskáld. Hvert lag hafði sitt smáatriði og hann notaði hljóðfærin eins og tónskáld gera í tónverkum sínum,“ segir hann.



DWEEZIL OG FRANK ZAPPA Zappa plays Zappa er stofnuð í þeim tilgangi að kynna tónlist Frank Zappa fyrir yngra fólki.

MYND / GETTY IMAGES

NÓG AÐ
GERAST HJÁ
NORRÆNA
FÉLAGINU

ÞAD ER AUÐVELT AÐ FLYTJA Á MILLI NORÐURLANDANNA...

...ef aðgangur að upplýsingum er greiður og undirbúningurinn góður! Halló Norðurlönd er gjaldfrjáls upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherranefndarinnar sem Norræna félagið rekur. Velkomin á heimasíðuna www.hallonorden.org eða hafðu samband við okkur á netfanginu hallo@norden.is eða í síma 511 1808.

VILTU LÆRA SÆNSKU Í SVÍPJÓÐ Í SUMAR?

Árlegt sænskunámskeið Norræna félagsins verður haldið í Framnäs folkhögskola í Norður-Svíþjóð dagana 30. júlí til 9. ágúst nk. Sex kennslustundir á dag auk áhugaverðrar kynningar á lífi og starfi fólks á nyrstu svæðum Norðurlanda.

Námskeiðið er haldið með styrk frá Nordplus-Voksen. Því er unnt að bjóða námskeiðið á afar hagstæðu verði eða kr. 60.000 með öllu. Innifalið í verði eru ferðir frá Keflavík til Luleå, fullt fæði, húsnæði, styttri skoðunarferðir, kennsla og kennslugögn. Við bendum á að vinnuveitendur og stéttarfélag styrkja gjarnan endurmenntun af þessu tagi. Sænskunámskeið Norræna félagsins hafa um áratuga skeið reynst vel þeim sem þurfa á færni í skandinavísku að halda í starfi eða félagsstörfum. *Umsóknir skal senda til skrifstofu Norræna félagsins á eyðublaði sem þar fæst fyrir 30. apríl nk.*

SUMARVINNA Á NORÐURLÖNDUNUM

Allir sem eru 18 – 28 ára geta sótt um fjölbreytt sumarstörf á hinum Norðurlöndunum á slóðinni www.nordjobb.net. Sumar og sól í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi, Færeyjum, Grænlandi, Danmörku og á Álandseyjum - Vinna, húsnæði og góður félagskapur.

EKKI MISSA AF GÓÐU TÆKIFÆRI!

Við kynnum reglulega alla þá dagskrárlíði sem eru í brennideplinum hverju sinni: Námskeið, ferðir, styrkir, tónleikar, sýningar, fyrirlestrar og önnur fjölbreytt tækifæri í Norrænu samstarfi. Sendið okkur netföng á norden@norden.is.

FRÉTTABRÉF NORRÆNA FÉLAGSINS ER KOMIÐ ÚT.

Hafðu samband og fáðu sent eintak!

NORRÆNT SAMSTARF – EINNIG FYRIR DIG!

Norræna félagið, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík, s. 551 0165, norden@norden.is, www.norden.is.



Norræna félagið
STOFNAD 1922



norden
Norræna ráðherranefndin

Dweezil þurfti að leggja á sig töluverða vinnu með gítarinn enda leikur hann nótur sem upphaflega voru hugsaðar fyrir önnur hljóðfæri sem reyndist honum mjög erfitt. „Tónlistarmennirnir verða að læra alla nótarnar því annars hljómar tónlistin ekki eins og hún á að gera,“ útskýrir hann.

Frank oft misskilinn

Dweezil segir ástæðuna fyrir þessari tónleikaferð vera að kynna tónlist Franks Zappa fyrir yngri áheyrandaþópi. „Flestir þekkja nafnið og lög sem voru gædd einhverri kímni og urðu vinsæl,“ segir hann. „Sumir telja að hann hafi bara samið fyndin lög og gefið krökkunum sínum skritin nöfn,“ bætir Dweezil við. „Frank Zappa gaf hins vegar út 70 plötur áður en hann dó,“ heldur hann áfram. „Fjöldinn skiptir hins vegar ekki mestu máli heldur fjölbreytileikinn á þeim sem er ótrúlegur,“ útskýrir hann.

„Ég vil að fólk uppgötvi hversu sérstaka rödd Frank hafði og sjái sérstöðu hans sem tónskáld,“ segir hann. „Ef þú þekkir bara vinsælu lögin þá hefurðu bara séð toppinn á ísjakanum,“ bætir Dweezil við og telur að faðir sinn hafi ekki fengið að njóta sannmælis. „Ég held að það sé málið í flestum tilvikum en kannski er Evrópa undantekningin.“

Var með Sharon Stone

Dweezil Zappa hefur komið víða við og lék meðal annars í kvikmyndunum *Running Man* og *Pretty in Pink*. Tónlistin á samt alltaf hug hans þótt Dweezil útiloki ekki frekari afrek á kvikmyndasviðinu. Á níunda áratugnum vann kappinn sem „plötusnúður“ á tónlistarstöðinni MTV auk þess sem hann tók upp nokkrar rokkplötur og spilaði inn á breiðskífur annarra tónlistarmanna. Hann má meðal annars sjá í myndbandi við lag Dons Johnson, *Heartbeat*, sem komst á topp fjörutíu listann í Bandaríkjunum.

Dweezil hefur átt í ástarsambandi við nokkrar þekktar leikkonur og var meðal annars lengi með dóttur Roberts Wagner, Katie Wagner. Þá átti hann í stuttu sambandi við Sharon Stone en var lengst af með tónlistarkonunni Lisu Loeb en þau hættu saman árið 2004. Frank Zappa, faðir hans, hafði þann háttinn á að skíra börnin sín nöfnum sem væntanlega myndu ekki standast skoðun íslensku mannanafnanefndarinnar en Dweezil á þrjú systkini, þau Moon Unit, Ahmet og Diva Zappa.



DWEEZIL ZAPPA Dreymdi um að verða hafnaboltarleikmaður en sá draumur breyttist þegar hann heyrði Van Halen í fyrsta skipti.

MYND / GETTY IMAGES

Hér heima skiptir markaðssetningin mestu máli og listrænt mikilvægi er á undanhaldi. Mestu máli skiptir hvernig þú lítur út enda eru allir að „mæma“ þessa dagana og fólki er alveg sama,“ segir Dweezil.

Ætlaði í hafnabolta

Þrátt fyrir tónlistarlegt uppeldi þá dreymdi Dweezil um að verða hafnaboltaleikmaður þar til hann varð tólf ára en þá heyrði hann *Eruption* með Van Halen og velti því fyrir sér hvernig hann næði svona mögnðuðum hljómi úr gítarnum. „Síðastliðin tuttugu ár hef ég síðan verið að reyna að framleiða mismunandi útgáfur af tónlist,“ segir Dweezil og bætir við að það sé synd að faðir hans skuli ekki vera á lífi til að aðstoða hann. „Hann var einn af upphafsmönnum þess sem ég er að gera og hefði getað kennt mér ýmsilegt,“ bætir hann við.

Hljómsveitin sem Dweezil kemur með hingað til lands er skipuð nokkrum af upphaflegum meðlimum sveitar Franks Zappa en hann hefur einnig fengið til liðs við sig yngri tónlistarmenn. „Ég vildi að yngra fólkið sem kæmi á tónleikana sæi ekki bara einhverja gamlingja og hugsaði með sér að þetta væri tónlist foreldranna,“ útskýrir hann. „Ungt fólk hefur bæði getu og metnað til að spila þessa tónlist og mér hefur tekist að skapa þannig hljómsveit,“ segir hann. „Ég hef engar áhyggjur af viðbrögðum eldri áhorfenda því við spilum tónlistina eins og hún að vera spiluð. Hljómsveitin hefur mikið sjálfstraust og ef Frank hefði verið á lífi væri hann mjög ánægður með okkur.“

LAGERSALA

SENU

TÓ... VULEIKIR • DVD

**SÍÐASTA
HELGIN!**

OPÍÐ 11-19 ALLA DAGA!


**ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!**

FRÁ 199,-


EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ►



Fermingarbarn'84



Páll Óskar Hjálmtýsson

„Ég fermdist á breik-tímabilinu og fékk því Sinclair Spectrum 48K leikjatölvu í fermingargjöf. Sú tölva er löngu gengin til feðra sinna, á meðan ritsafn H.C. Andersen er enn að dýpka skilning minn á lífinu og tilverunni.“




Tilboðsverð
3.490 kr.



Tilboðsverð
5.990 kr.




Tilboðsverð
2.990 kr.



Tilboðsverð
19.980 kr.




Þjóðsögur
Jóns Árnasonar



Tilboðsverð
3.990 kr.



Tilboðsverð
3.990 kr.



Tilboðsverð
3.990 kr.

Fermingargjafir sem vit er í

Eda
edda.is

STUÐ MILLI STRÍÐA www.hver.fjarinn.is

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR VILL MANNLEGA ÞJÓNUSTU



Í vissum tilfellum finnst mér netvæðingin hreint frábær. Um daginn lá ég þökkuð inn í sæng og horfði á DVD í ógeðslega flottu tölvunni minni. Ég rétt lét vísifingurinn standa út fyrir sængina svo ég gæti hreyft snertiflötinn sem færir bendilinn. Svo fór hungrið að sverfa að. Þá fór ég inn á heimasíðu eina og fyllti út allskyns kassa og reiti, pikkaði inn nafn, kortanúmer og heimilisfang og ýtti með vísifingrinum á „senda“. Hálf tíma síðar bankaði upp á menntskælingur í aukavinnu og afhenti mér

rjúkandi heita pítsu. Þetta er kostur.

Gallinn er hins vegar að nú fær maður hvergi að tala við neinn. Hringi ég í bankann með banka tengdar fyrirspurnir er ég alltaf spurð hvort ég sé búin að kynna mér þetta á netinu „bíddu, ertu ekki búin að skoða heimasíðuna?“ er spurt með hroka. „Nei,“ svara ég. „Já, þú verður að gera það á www.oskiljanleg.fraedimennska.is. Svo tekur þú krossapróf úr efninu og ef þú færð yfir 5,5 í einkunn þá færðu símaþjónustu,“ er hreytt í mig. „Ókíðókíll“ svara ég og skil svo ekki rass í bala hvað er verið að þvaðra um á síðunni. Hver fjárin.

Ég nenni ekkert að eyða dýr-

mætum tíma af mínu skemmtilega lífi í að skilja muninn á ICEX 15 og ICEX MAIN eða stumra yfir óskiljanlegum lánasjóðsreglum ríkisins þegar til er sprenglært fólk sem skilur þessi mál í þaula. Fólk sem nú vinnur við að segja: „Góðan daginn, kíktu á heimasíðuna okkar.“

Þannig hef ég ákveðið að opna mína eigin heimasíðu sem geymir allar helstu upplýsingar um mig. Og næst þegar bankafulltrúinn spyr eitthvað út í mína hagi þá ætla ég að segja „Bíddu, ertu ekki búin að skoða heimasíðuna mína?! þú þú verður að gera það ... slóðin er www.hí-á-tig-hrokagikkurinn-tinn.is, ég les bara Fréttablaðið meðan þú kíkir á þetta.“

myndasögur


■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Pú og pa

Eftir SÖB




■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



PÁSKALEIKUR

Pú sendir SMS skeytið BT VAS á númerið 1900. Þú færð spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.



5.hver vinnur!

A - Fartölva

B - Tölva

C - Heimabíó



TOSHIBA SATELLITE P100-113



MEDION V6 AMD64 3200+ og 19" TFT MEDION 8MS skjár



Sony heimabíó + pakki af DVD



BT



Ótrúlegir vinningar!

*Aðalvinningar dregnir út úr öllum innsendum skeytum
Vinningar verða afhentir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Þú færð 5.mín til að svara spurningu.

**HAFIÐ BLÁA
Í AUSTURBÆ**

Sun 23.04 kl: 13.30

Allir þeir sem kaupa miða á Hafid blaa fram að páskaum fá Marsbúa páskaegg*

Miðapantanir í Austurbæ og á midl.is. Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga sími: 551 4700

IsMedia SPANGLER KEIS TM

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

6. sýn. í kvöld lau. 8/4 örfá sæti laus, 7. sýn. mið. 19/4 **siðasti vetrardagur** - örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 20/4, 9. sýn. fös. 21/4 nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 22/4 nokkur sæti laus, sun. 23/4, fim. 27/4, fös. 28/4, lau. 29/4.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld lau. 8/4 örfá sæti laus, mið. 19/4 **siðasti vetrardagur** - örfá sæti laus, fim. 20/4 nokkur sæti laus, fös. 21/4, lau. 22/4, sun. 23/4, fim. 27/4, fös. 28/4, lau. 29/4. **Aðeins þessar 9 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld lau. 8/4 **uppsekt**, sun. 9/4 **uppsekt**, fös. 21/4 **uppsekt**, lau. 22/4 **uppsekt**, sun. 23/4 **uppsekt**, þri. 25/4 **uppsekt**, mið. 26/4 **uppsekt**, fim. 27/4 **uppsekt**, fös. 28/4 **uppsekt**, lau. 29/4 **uppsekt**. **Aukasýningar í maí:** fös. 5/5 **uppsekt**, lau. 6/5 **uppsekt**, sun. 7/5 **uppsekt**, lau. 13/5 **uppsekt**. **Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9, sun. 17/9.

LEIKHÚSKJALLARINN

Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu! Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00. Smárettir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið Nýja svið / Litla svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Í dag kl. 14 UPPS. Su 9/4 kl. 14 UPPS.
Su 23/4 kl. 14 UPPS. Su 23/4 kl. 17:30
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14

OSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

KALLI Á ÞAKINU

Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskaum UPPSELT
Fi 20/4 kl. 14, sumard. fyrsti UPPSELT
Fi 20/4 kl. 17, sumard. fyrsti AUKASÝNING
Lau 22/4 kl. 14 UPPSELT

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þri 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 AUKAS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS Su 21/5 kl. 20 UPPS
Fi 25/5 kl. 20 AUKAS Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 UPPS
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Fö 2/6 kl. 22:30 AUKASÝNING

VORSÝNING 2006
Listdansskóli Íslands

Þri 11/4 kl. 20 Mi 12/4 kl. 20

BELGÍSKA KONGÓ

Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20
Su 21/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Í kvöld kl. 20 Fi 27/4 kl. 20 AUKAS.
Su 30/4 kl. 20 AUKASÝNING
ALLRA SIÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR

Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN

Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Lau 22/4 kl. 20 Fö 28/4 kl. 20
Fö 5/5 kl. 20 SIÐUSTU SÝNINGAR

FÖRÐIST OKKUR

Í kvöld kl. 20 UPPS. Su 9/4 kl. 20
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 22/4 kl. 20 Su 23/4 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR!

DANSleikhúsið

Su 9/4 kl. 20 Þri 11/4 kl. 20
Mi 19/4 kl. 20 23/4 KL. 20

TENÓRINN

Su 30/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



KL. 17.00

Sænski karlakammerkórinn Svanholm Singers heldur tónleika í Salnum í Kópavogi. Á efnisskránni eru meðal annars norræn þjóðlög.

menning

menning@frettabladid.is

Tónlistin í tungumálinu

Trío Reykjavíkur heldur tónleika í Hafnarborg annað kvöld og flytur íslenska og rússneska tónlist ásamt Elínu Ósk Óskarsdóttur sópransöngkonu. „Fyrri hlutinn er til-einkaður íslenskum tónsmíðum en eftir hlé flytjum við sjö rómönsur eftir Sjostakovitsj sem upphaflega voru skrifaðar fyrir hina frægu rússnesku söngkonu Galínu Ustvolkskaja,“ segir Elín Ósk. Á efnisskránni fyrir hlé eru meðal annars þjóðlagatúsetningar fyrir selló og píanó og einleiksverk fyrir fiölu eftir Haflíða Hallgrímsson.

Nú eru 100 ár liðin frá fæðingu Sjostakovitsj og fannst tríoínu vel við hæfi að velja rómönsur hans til flutnings á tónleikunum, en þetta er í fyrsta skipti sem Elín Ósk syngur á rússnesku. „Ég læt mig bara hafa það,“ segir hún hlæjandi. „Ég fékk kennslu í rússneskum framburði og ég flyt þetta

eins faglega og hægt er miðað við þennan stutta tíma og þá staðreynd að ég tala ekki málið,“ segir hún og bætir við að það sé gaman fyrir söngvara að takast á við nýtt tungumál því það sé mikil tónlist í tungumálinu sjálfu.

„Textinn er þrunginn miklum tilfinningum,“ segir Elín Ósk sem lofar bæði logni og stormi á tónleikunum annað kvöld en í tríoínu eru fiðluleikarinn Guðný Guðmundsdóttir, píanóleikarinn Peter Maté og Sigurður Bjarki Gunnarsson sellóleikari sem hleypur í skarðið fyrir Gunnar Kvaran.

Tónleikarnir í Hafnarborg hefjast kl. 20.00.

- khh

TRÍÓ REYKJAVÍKUR ÁSAMT ELÍNU ÓSK ÓSKARSDÓTTUR SÓPRANSÖNGKONU Flytja íslenska tónlist og rússneska klassík í Hafnarborg á sunnudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ / PIJETUR

Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Heigason
22. apríl. Fá bók laus
6. maí. AUKASÝNING

Óþröddir milar seldir
hálfum mánuði fyrir viðbúð.

5331100
Netfang: midasala@broadway.is

Aðeins þessar sýningar

KRINGLUKRÁIN

Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti

Sixties um helgina

Borðapantanir í síma 568 0878 www.kringlukrain.is

PÉTUR GAUTUR

Sala hafin á sýningar í september!

KASSINN ER SAMSTARFSVERKEFNI ÞJÓÐLEIKHÚSSINS OG LANDSBANKANS

> Ekki missa af...

Málþingi um gyðingaandúð á Íslandi á vegum Háskólans á Akureyri. Málþingið fer fram á Sólborg við Norðurslóð og stendur frá 9-15.30.

Opnun á myndlistarsýningum Önnu Jóelsdóttur og Ástu Ólafsdóttur í Listasafni ASÍ, kl. 14.00.

Leiðsögn Ólafs Kvaran, safnstjóra Listasafns Íslands, um sýningu Snorra Arinbjarnar í húsnæði safnsins við Fríkirkjuveg, kl. 11.30.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRIL

5 6 7 8 9 10 11

Laugardagur

■ ■ TÓNLEIKAR

- 15.00 Mammút spilar í Gallerí humri eða frægð á Laugavegi.
- 17.00 Sænski karla-kammerkórinn Svanholm Singers heldur tónleika í Salnum í Kópavogi.
- Drón-rokksveitin Singapore Sling spilar á Grand Rokk ásamt Haltri hóru og Gavin Portland.

■ ■ OPNANIR

- 14.00 Anna Jóelsdóttir og Ásta Ólafsdóttir opna myndlistarsýningar í Listasafni ASÍ.
- 14.00 Listasafn Reykjavíkur og Edda útgáfa efna til útgáfuhófs á Kjarvalsstöðum vegna bókarinnar Skoðum myndlist - heimsókn í Listasafn Reykjavíkur.
- 16.00 Fjölbjóðlega samsýningin Húsið okkar er hús sem hreyfist „Our House is a house that moves“ í Nýlistasafninu.

- 17.00 Serge Comte, Andrea Maack og Unnur Mjöll S. Leifsdóttir opna sýningu í Kling & Bang gallerí, Laugavegi 23.

■ ■ FUNDIR

- 12.00 Umræðufundur um mál-efni innflytjenda í fundaröðinni: Varavinnafl eða vannýtt auðlind á vegum ReykjavíkurAkademíunnar, Hringbraut 121, 4. hæð.

VIÐTALIÐ

eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

Föstud. 21. apríl kl. 20.00
Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00





FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR Sálmar og frumsamin tónlist á sunnudag.

Kyrrð og kærleikur

Hjónin Ellen Kristjánsdóttir og Eybór Gunnarsson halda Sálmatónleika í Fríkirkjunni á morgun ásamt fríðu föruneyti en dóttir þeirra, Sigríður, og unnusti hennar Þorsteinn Einarsson koma fram í upphafi tónleikanna og flytja nýja frumsamda tónlist.

Hljómplatan Sálmar sem Ellen gaf fyrir jólin 2004 sló eftirminnilega í gegn og var langsöluhæsta platan það árið en þetta er í annað skipti sem Ellen flytur efni af plötunni á höfuðborgarsvæðinu. „Við Eybór höfum farið með þetta prógramm í nokkrar kirkjur út á landi,“ segir hún og bætir við að ef til vill muni þau endurtaka leikinn í sumar. „Við tengjum þessa tónleika við páskana og það er videigandi að flytja sálmana á pálmansunnudegi,“ segir hún og áréttar að það sé alltaf gott að hvíla efni inn á milli. „Það verður síðan bara að koma í ljós með framtíðina en sálmanir verða ábyggilega alltaf með.“

Ellen kveðst vera að vinna að nýrri tónlist en vill lítið láta uppi með áherslur og efnistöð. „Það er

að skapast og þroskast,“ segir hún en bætir við að fæst orð hafi minnsta ábyrgð en hún sé full af orku og áhuga á að takast á við ný verkefni.

Tónlistarfólkið hefur í nógu að snúast því Eybór er nýkominn heim úr tónleikaferð með hljómsveit sinni Mezzoforte sem hefur tekið upp þráðinn að nýju. Sigríður hefur sungið með hljómsveitinni Santiago og Þorsteinn spilar og syngur með reggí-bandinu Hjálmu en nýlega fjölgaði í fjölskyldunni þegar þau eignuðust sitt fyrsta barn. Ellen er líka á leið ásamt KK, Kristjáni bróður sínum, til Vesturheims en þau munu ferðast um Kanada og halda tónleika.

Ellen kveðst full tilhlökkunar vegna tónleikanna á sunnudaginn því Fríkirkjan sé svo yndisleg staður með yndislegu fólki. Ásamt þeim hjónum, Sigríði og Þorsteini mun KK einnig koma fram sem og hljóðfæraleikararnir Bryndís Halla Gylfadóttir, Ólafur Jónsson, Sigurður Flosason og Jól Pálsson.

Míðasala er í Skifunni, BT og á midi.is.

- khh

Le Sing
Syngjandi Þjónar
 Ein vinsælasta leiksýning landsins.
 Alla laugardaga
 Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
 Simi: 533-1100

GERÐUBERG



Steinunn Sigurðardóttir
 fatahönnuður
www.siminn.is/steinunn



Valur Sveinbjörnsson návistí
 sýnir málverk í Boganum

Sýningarnar eru opnar virka daga 11-17,
 miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16.

www.gerduberg.is Siminn

OPNUNARTILBOÐ:
 Ef keyptir eru tveir miðar eða fleiri í íslensku óperunni færðu ókeypis geisladisk með tónlistinni úr sýningunni.
 Gildir laugardag og sunnudag á meðan birgðir endast.

„Besta söngleikjauppfærsla leikársins“
 S.S Fréttablaðið

„Ótrúlega kraftmikil sýning...
 dettur aldrei niður, ekki eina einustu sekúndu...stórkostleg“
 SL RÚV

ÍSLENSKA ÓPERAN
FRUMSÝNING Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI LAUGARDAGINN 13. MAÍ KL. 20

2. sýn. sunnud. 14. maí kl. 19
 3. sýn. laugardagur 20. maí kl. 19
 4. sýn. laugardagur 27. maí kl. 19
 5. sýn. laugardagur 3. júní kl. 19
 6. sýn. laugardagur 10. júní kl. 19

MIDASALA ER HAFIN!

Sími: 511 4200 | opera@opera.is | www.opera.is
 ATH! Míðasala á Netinu allan sólarhringinn

LEIÐSÖGUR
 SETT UPP AF LA
 Í SAMSTARFI VEBÍÓ

LEIÐSÖGUR
 AKUREYRAR

ARA HOTEL olis FLUGFÉLAG ÍSLANDS
 NORDURÞÓKA Landsvirkjun

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Framsæknir og reynsluríkir með ábyrgð

www.toyota.is



Dodge Dakota P/U

F. skráð 08/2003, ekinn 17.000 km
Vél: 3900cc, sjálfskiptur
Verð: 2.550.000
Tilboð 2.290.000



MMC L-200 D/C GLS Turbo

F. skráð. 07/2002, ekinn 60.000 km
Vél: 2500cc, 5 girá
Litur: Rauður
Verð: 1.690.000 kr.



Nissan Quest

F. skráð. 01/2004, ekinn 9.000 km
Vél: 3500cc, sjálfskiptur
Litur: Silfurgrár
Verð: 3.450.000 kr.
Tilboð: 3.190.000 kr.



VW Touareg V6

F. skráð. 01/2004, ekinn 31.000 km
Vél: 3200cc, sjálfskiptur
Litur: Silfurgrár
Verð: 4.490.000 kr.
Tilboð: 4.190.000 kr.



Ford Freestyle W/G Limited 4x4

F. skráð. 06/2005, ekinn 3.000 km
Vél: 3000cc, sjálfskiptur
Verð: 3.690.000 kr.



Volvo XC90 W/G

F. skráð. 03/2005, ekinn 29.000 km
Vél: 2.4 Turbo, sjálfskiptur
Verð: 5.900.000 kr.



Suzuki Grand Vitara W/G XL-7

F. skráð. 01/2003, ekinn 78.000 km
Vél: 2700cc, sjálfskiptur
Litur: Silfurgrár
Verð: 2.150.000 kr.
Tilboð: 1.890.000 kr.



Peugeot 407 W/G

F. skráð. 07/2005, ek. 9.000 km
Vél: 3000cc V6, sjálfskiptur
Verð: 2.890.000 kr.

Alltaf góð tilboð í tilboðshorninu okkar,
 - sjá nánar á www.toyota.is/notaðir bílar.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Áhyggjulaus og örugg bílavíðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð. Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.



NICOLE RICHIE Fagnar útgáfu bókar sinnar, „The Truth About Diamonds“.



FLOTT Á tiskusýningu Marchesa.

Aðalskvísan í Los Angeles

Litla dóttir hans Lionels hefur ekki alltaf verið eins stíllæg og flott og þessa dagana. Stíllinn hennar einkennist af litlum sætum kjólum, stórum merkjatöskum og risastórum Audrey Hepburn-sólgleraugum. Fyrir aðeins tveimur árum var hún frekar lummó, með sítt röndótt há og í gelgjulegum fötum. Svo tók hún sig til og grenntist, reyndar aðeins of mikið en það er efni í aðra grein. En um leið og hún grenntist virðist hún hafa öðlast meira tiskuvit eða kannski það sem líklegra er, að hún hefur ráðið til sín stílista. Hver sem ástæðan er þá er það ljóst að Nicole Richie er orðin flottust af L.A.-prinsessunum og drottmar yfir hinum tveimur; Lindsay Lohan og Paris Hilton.



SÓGLERAUGUN Á sýningu Proenza Schouler með ein af sínum finu sólgleraugum sem hún sést ekki án utanhúss.



PÓSAR Í sætum fjólubláum kjól við áritun bókar sinnar.

Stinnari brjóst

Í möndlulínunni frá L'occitane er að finna tvær nýjungar sem gera kraftaverk. Annars vegar er gel sem er sérhannað fyrir brjóstin. Það er borið á til að gera þau stinnari og falllegri. Gelið inniheldur möndluþrótn, sem er ekki ólíkt efninu kollagen sem hjálpar slappri húð. Gott er að bera gelið á barminn og upp að hálsinum og á svæðið þar í kring. Hin nýjungin í möndlulínunni er líkamslía sem gerir húðina dúnmjúka og stinna. Hún er góð fyrir konur sem eru í líkamrækt og vilja greina sig en húðin á það til að slakna þegar kílóin hverfa.

Möndluolían er líka sérlega fín fyrir óléttar konur og þá er gott að bera nóg af henni á bumbuna og allan líkamann. Olían gerir það sama og brjóstagelið, hún stinnir húðina og svo lyktar hún dásamlega. Bæði gelið og olían fást í versluninni L'occitane á Laugavegi.



MÖNDLUOLÍAN Ákaflega fín fyrir konur á öllum aldri.



ILMANDI Brjóstagelið getur gert kraftaverk.

FRÉTTABLAÐIÐ/
HEIDA



MAC

FÖRÐUNARSÝNING

VOR OG SUMAR 2006

FÖRÐUNARMEISTARINN CHRISTINA PETERSEN VERÐUR Í VERSLUN OKKUR Í DAG, LAUGARDAG OG HELDUR SÝNINGU Á SVÖLUSTU LITASAMSETNINGUM VORSINS OG SUMARSINS Í MAC FÖRÐUNARLÍNUNNI.

LAUGARDAGUR:

14:00 SUMARTÍSKAN 2006
15:00 DAGFÖRÐUN
16:00 KVÖLDFÖRÐUN

DEBENHAMS

SMÁRALIND

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á

vísir
VEF.TV



HORFÐU EINSOG
PÉR SÝNIST!

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Nýtt í bíó

ÍSÖLD 2

EIN STÆRSTA OPNUN ALLRA TÍMA Í USA

★★★★
- VJV, Topp5.is

PÁSKAMYNDIN 2006

SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

LUCKY NUMBER SLEVIN

JOSH HARTNETT MORGAN FREEMAN SIR BEN KINGSLEY LUCY LIU STANLEY TUCCI BRUCE WILLIS

RANGUR TÍMI, RANGUR STADUR, RANGUR MADUR

★★★★
- LIB, Topp5.is

"FRÁBÆR, FLOTT OG FYNDIN... OFURSVALUR SPENNUTRYLLIR"

DATE MOVIE

FRÁ GLENN HANDWITSHÖFUÐU "SCARY MOVIE"

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

BIG MOMMA'S HOUSE 2

Mamma allra grínmynda er mætt aftur í bíó!

SPRENGHLEGILEGUR SÖNGLEIKUR FRÁ GRÍNSMÍLUNUM MEL BROOKS!!

PRODUCERS

2 FÝRIR 1 FÝRIR VÍÐSKIPTAVINI GULLVILDAR

walk the line

ADSKÖRNARMESTA MYND ÁRSINS! FÝR 22.000 MANNS!

ÓSKARS-VERÐLAUNIN sem besta leikkona í óháttu-verki - Reese Witherspoon

THE PINK PANTHER

STEVE MARTIN KEVIN KLINE

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

ICE AGE 2 M/ENSKU TALI	kl. 12, 2, 4, 6, 8 og 10
ICE AGE 2 Í LÚXUS M/ENSKU TALI	kl. 12, 2, 4, 6, 8 og 10
ÍSÖLD 2 M/ISLENSKU TALI	kl. 12, 2, 4, 6 og 8
DATE MOVIE	kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA
BIG MOMMA'S HOUSE 2	kl. 1.30, 3.40, 5.45, 8 og 10.15
PINK PANTHER	kl. 1.30, 3.50 og 10.10

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

ICE AGE 2	kl. 3, 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI
LUCKY NUMBER SLEVIN	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA
THE PRODUCERS	kl. 8 og 10.45
WALK THE LINE	kl. 2.40, 5.15, 8 og 10.45
RENT	kl. 2.40 og 5.20 B.I. 14 ÁRA

400 KR. Í BÍÓ!
Gætt á allar sýningar í Regnboginu með 400 kr.

Dolby SDDS THX BÍÓ.is - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

PÁSKAMYNDIN 2006

ÍSÖLD 2

EIN STÆRSTA OPNUN ALLRA TÍMA Í USA

★★★★
L.I.B. TOPPS.IS

RANGUR TÍMI, RANGUR STADUR, RANGUR MADUR

"FLOTT OG FYNDIN... OFURSVALUR SPENNUTRYLLIR"

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10:20 B.I. 16 ára

Sýnd kl. 2, 4 og 6 ÍSLENSKT TAL

DATE MOVIE

Sýnd kl. 8 og 10

BIG MOMMA'S HOUSE 2

Sýnd kl. 2, 4 og 6

400 KR. Í BÍÓ Gætt á allar sýningar með 400 kr.

FRÉTTIR AF FÓLKI

